

23. Ársþing KAÍ, 25. febrúar 2017

**EFNISYFIRLIT**

Stjórn KAÍ 2016 - 2017:	3
SKÝRSLA STJÓRNAR	4
Frá formanni	4
KarateOne - Paris Open	5
Reykjavík International Games - karate	6
Sjö landsliðsmenn á EM unglings og U21	7
Ágúst Heiðar í 7-8.sæti á EM í karate	8
Ellefur ný dómararéttindi í kata	9
Nýr landsliðspjálfari í kumite	10
29. Karateþing	11
Katalandsliðið á Swedish Kata Throphy	11
Svana Katla með gull og silfur í Svíþjóð	12
María Helga með gull og brons í Svíþjóð	14
Landslið Íslands á NM	15
Tvö silfur og fjögur brons á NM	16
Kristján Nordic Karate Referee	18
María Helga og Aron Anh bikarmeistarar í Karate	18
Úrslit úr Bushido mótaröðinni 2015 – 2106.	19
Helgi fær silfurmerki EKF fyrir dómgæslu	20
Fjórir keppendur á Opið Tékkneskt móti	20
Góður árangur í Tékklandi	21
Skráning keppenda á móti á vegum KAÍ	22
Níu landsliðsmenn á Banzai-Cup í Þýskalandi	22
Góður árangur á BanzaiCup-Telma Rut með brons í -61kg flokki	23
Karatefólk á leið á enskt móti	24
Góður árangur í Englandi	25
Nýr dómarar í kumite	26
Sex keppendur á HM	27
Elías, Ólafur og Svana úr leik á HM í Karate	27
Telma og Hópkataliðið úr leik á HM	28
María Helga og Aron Anh eru karatefólk ársins 2016	28
NEFNDIR	30
Aganefnd	30
Dómaranefnd	30
Landsliðsnefnd	30
Mótanefnd	30
Landsliðspjálfarar	30
MÓT Á ÁRINU 2016	31
Bikarmót 2 2015-2016	31
Reykjavík International Games - karate	32
Íslandsmeistaramót unglings í kata	34
Íslandsmeistaramót barna í kata	36
Íslandsmeistaramót fullorðinna í kata	38
Bikarmót 3 2015-2016	39
Bushidomót 3 2015-2016	40
Bikarmót 1 2016 - 2017	41

## Karatesamband Íslands

Bushidomót 1 2016-2017.....	42
Íslandsmeistaramót unglings í kumite .....	43
Íslandsmeistaramót fullorðinna í kumite .....	44
KARATEDÓMARAR Á ÍSLANDI.....	47
LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS.....	47
AFREKSSTEFNA KARATESAMBANDS ÍSLANDS 2016 - 2018.....	50
REGLUGERÐIR.....	54
REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE .....	54
REGLUR UM FÉLAGSSKIPTI .....	59
REGLUR UM BIKARMÓT Í KARATE .....	59
REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE .....	60
REGLUR UM KARATEDÓMARA .....	61
REGLUR UM AGANEFND KARATESAMBANDS ÍSLANDS .....	62
REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS.....	63
VERÐLISTI SAMÞYKKTUR AF STJÓRN KAÍ .....	63
Rekstrarreikningur KAÍ 1/1-31/12 2016 .....	65
Efnahagsreikningur 31/12/2016 .....	67

## Stjórn KAÍ 2016 - 2017:

Reinharð Reinharðsson	formaður
Helgi Jóhannesson	vara-formaður
Halldór Pálsson	Meðstjórnandi
Jacqueline Becker	Meðstjórnandi
María Jensen	Meðstjórnandi
Valgerður Helga Sigurðardóttir	varamaður
Ævar Austfjörð	varamaður
Rut Guðbrandsdóttir	varamaður

## SKÝRSLA STJÓRNAR

### ***Frá formanni.***

Árið 2016 var skemmtilegt ár fyrir karate. Árið byrjaði hér innlands á Reykjavíkurleikunum þar sem við fengum sterka erlenda keppendur í heimsókn. Ríkjandi heimsmeistara kvenna í kumite og silfurverðlaunahafinn úr sama flokki komu á mótið og áttu viðureign mótsins í úrslitum í beinni útsendingu á RUV. Var þetta jafnframt í fyrsta sinn sem sjónvarpið sýndi í beinni frá karatemóti í hartnær 30 ár.

Landsliðsfólkvið vann til verðlauna á mótum erlendis, Kata Pokalen , Opna Sænska, á NM unnust 2 silfur og 4 brons, góður árangur náðist í Tékklandi, Þýskalandi og á Englandi.

Helgi Jóhannesson, fékk silfurmerki EKF fyrir dómgæslu á Evrópumótum í 15 ár. Óskum við honum til hamingju með viðurkenninguna.

Nýr landsliðsþjálfarar tóku við landsliðinu á árinu. Ingólfur Snorrason í kumite í febrúar og í lok árs var samið við Vilhjálm Svan Vilhjálmsson um að þjálfa kata hlutann. Eru miklar vonir bundnar við ráðningu þeirra í störf landsliðaþjálfara.

Í ágúst bárust þær ánægjulegu fréttir að Alþjóða Ólympíunefndin, IOC, hefði samþykkt tillögu Japansku Ólympíunefndarinna um að bæta við 5 nýjum greinum á Ólympíuleikana 2020 í Tókýó og er karate ein þeirra. Stuttu seinna ákvað IOC að bæta karate við á Ólympíuleika æskunnar 2018. Einungis 80 keppendur fá að keppa á Ólympíuleikunum og verður erfitt að vinna sér inn keppnisrétt á þá. Unnið er að tillögu um hvernig keppendur vinna sér inn réttinn.

Karatesambandið er því Ólympískt sérsamband næstu 4 árin.

Ísland átti 6 keppendur á HM í Linz í Austurríki í október. Allir stóðu sig vel en unnu ekki til verðlauna. 1049 keppendur frá 110 löndum tóku þátt í mótinu. 456 konur og 593 karlar. 82 verðlaunagripir voru í boði.

Mótahald innanlands var með hefðbundnu sniði en þó hófst haustmisserið á nýjung þegar fyrstu 2 mótt vetrarins voru haldin í Vestmannaeyjum. Er það hluti af útbreiðsluátaka sambandsins að bjóða félögum utan höfuðborgarsvæðisins að halda mótt á þess vegum. Rétt er að þakka Karatefélagi Vestmannaeyja fyrir umsjónina, skipulagið, veitingarnar og að koma öllum í Herjólf að móti loknu.

Vil ég að lokum þakka öllum stjórnar- og nefndarmönnum auk allra sjálfboðaliðanna fyrir störf þeirra á síðasta ári og vona að hreyfingin fá notið krafta þeirra áfram.

Reinharð Reinharðsson  
Formaður KAÍ

## KarateOne - Paris Open



Á meðfylgjandi mynd má sjá keppnishópinn ásamt landsliðspjálfsara, frá vinstri Bogi, Helga María, Telma Rut, Ólafur Engilbert og Gunnlaugur.

4 landsliðsmenn í karate héldu af stað til þátttöku á fyrsta Heimsbikarmót ársins í karate, sem haldið er í París, Frakklandi, 22-24.janúar. Landsliðsfólkioð er Bogi Benediktsson, Ólafur Engilbert Árnason, María Helga Guðmundsdóttir og Telma Rut Frímannsdóttir.

Paris Open, er eitt sterkasta karatemót í heimi og eru um 1012 keppendur skráðir á mótið frá 75 þjóðum, flest af besta karatefólk heimsins tekur þátt í mótinu enda gefur þátttaka á Heimsbikarmótinum stig á heimslista WKF, Alþjóðlega Karatesambandinu. Á föstudeginum er keppt í kata en á laugardegi og sunnudegi verður keppt í kumite. Bogi mun keppa fyrstur okkar keppenda á föstudeginum í kata karla (134 keppendur). Á laugardeginum byrja aðrir keppendur okkar, Telma Rut keppir í kumite kvenna -68kg (53 keppendur), María Helga keppir í kumite kvenna -55kg (58 keppendur) og að lokum keppir Ólafur Engilbert í kumite karla -75kg (127 keppendur). Ísland á enga þáttakendur í flokkunum sem keppa á sunnudeginum.

Með þeim í för er landsliðspjálfarinn Gunnlaugur Sigurðursson og Helgi Jóhannesson sem dæmir á mótinu.

Íslensku keppendurnir á heimsbikarmótinu Karate1 í París, Frakklandi, hafa lokið keppni, þau duttu öll út í fyrstu viðureign. Mótið stendur yfir í þrjá daga og áttu við keppendur á fyrstu 2 dögnum. Á föstudeginum kepti Bogi Benediktsson í kata karla, en metfjöldi var skráður í flokkinn, um 134 keppendur. Bogi sat hjá í fyrstu umferð mætti svo frakkanum Enzo Montarello í annarri umferð, Bogi gerði góða kata en sá franski fékk sigurinn og fór því áfram í þriðju umferð sem hann vann en datt út í fjórðu umferð á móti franska meistaranaum og því ljóst að Bogi átti ekki möguleika á uppreisn. Á laugardeginum kepti kumitefólkioð okkar, Telma Rut Frímannsdóttir var fyrst, sat hjá í fyrstu umferð en mætti svo Chaima Bouaziz frá Túnis í annarri umferð. Eftir jafnan bardaga náði Chaima góðu sparki, ura mawashi geri, í höfuð Telmu og vann með því bardagann 3-0, þar sem Chaima tapaði í næstu umferð þá átti Telma ekki möguleika á uppreisn. Næstur var Ólafur Engilbert Árnason, í -75kg flokki, hann mætti í fyrstu umferð Mateusz Zarzecki frá Pólland, en sá Pólski hafði betur en datt svo út í þriðju umferð. Seinust Íslensku keppenda var María Helga Guðmundsdóttir sem kepti í -55kg 30. Ársþing KAÍ

## Karatesamband Íslands

flokki, Maríu Helgu lenti á móti Cassandra Schmit frá Luxembourg í fyrstu umferð. Cassandra náði tveimur góðum spörkum að Maríu Helgu og vann 6-0 þrátt fyrir góðar tilraunir Maríu Helgu til að ná stigum. Cassandra datt svo út í þriðju umferð og átti því Maríu Helga ekki möguleika á uppreisn frekar en aðrir íslenskir keppendur í dag.

## Reykjavík International Games - karate



Karatehluti RIG fór fram 30. Janúar í

Frjálsíþróttahöllinni þar sem keppt var bæði í kata og kumite í 4 mismunandi aldursflokkum. Hátt í 100 keppendur frá 9 félögum auk erlendra gesta tóku þátt í mótinu í dag. Margar mjög góðar viðureignir sáust í dag og ljóst að gott starf er unnið í karatefélögum landsins. Hápunktar dagsins voru keppnir í fullorðinsflokk, þar sem 4 erlendir keppendur tóku þátt, en tveir af þeim sem voru búin að boða sig forfölluðust.

Í úrslitum í kata senior kvenna mættust liðsfélagarnir úr Breiðablik þær Svana Katla Þorsteinsdóttir, núverandi Íslandsmeistari í kata kvenna, og Laufey Lind Sigþórsdóttir. Svana Katla sigraði eftir framkvæmd á kata sem heitir Annan. Í þriðja sæti urðu þær Maríu Helga Guðmundsdóttir, Þórhálmri, og Hera Maríu Jakobsen, Breiðablik. Í kata senior karla mættust liðsfélagarnir úr KFR, þeir Elías Snorrason, núverandi Íslandsmeistari í kata karla, og Sverrir Magnússon. Báðir sýndu þeir frábærar kata í háum styrkleikaflokk, en svo fór að Elías bar sigur úr býtum og vann flokkinn á RIG annað árið í röð. Í þriðja sæti lento þeir Bogi Benediktsson og Sæmundur Ragnarsson, báðir úr Þórshamri.

Í úrslitum í kumite senior karla mættust sömu aðilar og í fyrra þeir Loni Boulesnane frá Frakklandi og Bryan van Waesberghe frá Belgíu, en þeir eru í 11. og 22. sæti á heimslista WKF í kumite karla +84kg. Bardaginn var mjög fjörlugur og mikið um stigaskor. Bardaginn endaði með því að Loni sigraði 8-5 og vann því mótið þriðja árið í röð. Í þriðja sæti urðu þeir Ólafur Engilbert Árnason og Elías Guðni Guðnason, báðir úr Fylki.

Í kumite senior kvenna mættust Alizee Agier frá Frakkland, núverandi heimsmeistari kvenna í kumite -68kg og svo Gitte Brunstad frá Noregi, silfurverðlaunahafi í kumite kvenna -68kg frá síðasta heimsmeistaramóti auk þess að vera norðurlandameistari. Í fyrri umferðum höfðu þær lagt af velli landsliðskonurnar okkar þær Telmu Rut Frímannsdóttur og Maríu Helgu Guðmundsdóttur, sem enduðu í 3ja sætið í floknum. Bardaginn á milli Alizee og Gittu var kröftugur frá byrjun og skiptust 30. Ársþing KAÍ

## Karatesamband Íslands

þær á að sækja, Gitte var með frumkvæðið allan bardagann og fór svo að hún landaði sigri 4-2. Var það mat viðstaddir að þessi viðureign hafi veröd sú besta sem sést hefur hér á landi.

Fyrr um daginn var svo keppt í yngri flokkum og helstu sigurvegarar voru;

Kata Youth kvenna; Ronja Halldórsdóttir, KFR

Kata Youth karla; Tómas Pálmar Tómsson, Breiðablik

Kata cadet kvenna; Sigríður Hagalín Pétursdóttir, KFR

Kata cadet Karla; Viktor Steinn Sighvatsson, Fjölnir

Kata Junior kvenna; Laufey Lind Sigþórssdóttir, Breiðablik

Kata Junior karla; Aron Anh Ky Huynh, ÍR

Kumite youth kvenna; Embla Kjartansdóttir, Fylkir

Kumite youth -55 kg kk ; Gabriel Andri Guðmundsson, Fylkir

Kumite youth +55 kg karla; Máni Hákonarson, UMFA

Kumite cadet kvenna; Iveta Ivanova, Fylkir

Kumite cadet karla; Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, Fylkir

Kumite junior kvk; Katrín Ingunn Björnsdóttir, Fylkir

Kumite junior karla; Máni Karl Guðmundsson, Fylkir

Á meðfylgjandi mynd má sjá sigurvegara í senoir flokki, frá vinstri Lónni Boulesnane, Gitte Brunstad, Svana Katla Þorsteinsdóttir og Elías Snorrason. Ljósmyndari er Þorsteinn Yngvi Guðmundsson.

## Sjö landsliðsmenn á EM unglings og U21



Helgina 5-7.febrúar fór fram Evrópumeistarmót

unglinga og U21 í Limassol, Kýpur. Ísland sendi sjö keppendur til leiks í öllum þremur

aldursflokkunum sem keppt er í á mótinu, Cadet 14-15 ára, Junior 16-17 ára og U21 18-20 ára.

Mótið hefst föstudaginn 5.febrúar og lýkur sunnudaginn 7.febrúar, þar sem keppt er í undanriðlum og úrslitum í einstökum flokkum á sama degi. Um 940 keppendur eru skráðir á mótið frá 48 löndum, en einungis má skrá 1 keppanda frá hverju landi í hvern keppnisflokk

Landslið Íslands á EM Junior og U21 skipa;

Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, Kumite Caded -70kg (28 keppendur)

Bogi Benediktsson, kata karla U21 (32 keppendur)

Edda Kristín Óttarsdóttir, kumite kvenna Junior -59kg (32 keppendur)

Iveta Chavdarova Ivanova, kumite Cadet -54kg (33 keppendur)

30. Ársþing KAÍ

25. febrúar 2017

## Karatesamband Íslands

Katrín Ingunn Björnsdóttir, kumite kvenna Junior +59kg (29 keppendur)

Máni Karl Guðmundsson, kumite Junior -61kg (36 keppendur)

Ólafur Engilbert Árnason, kumite karla U21 -75kg (29 keppendur)

Ágúst, Bogi og Iveta keppa á föstudeginum, Edda Kristín, Katrín Ingunn og Máni Karl keppa á laugardeginum. Á sunnudeginum keppir svo Ólafur Engilbert. Með þeim í för er Gunnlaugur Sigurðsson landsliðspjálfari í kumite.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hópinn, frá vinstri, Ágúst Heiðar, Bogi, Katrín Ingunn, Iveta Chavdarova, Edda Kristín, Máni Karl, Ólafur Engilbert og Gunnlaugur landsliðspjálfari.

### **Ágúst Heiðar í 7-8.sæti á EM í karate**



Í dag var fyrsti dagurinn á Evrópumeistaramóti unglings og U21 í karate sem fer fram í Limassol, Kýpur. Ísland átti 3 keppendur í dag, Bogi Benediktsson sem kepti í kata karla U21, Iveta Chavdarova Ivanova sem kepti í kumite Cadet -54kg og svo Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson sem kepti í Kumite Cadet -70kg.

Bogi kepti fyrstur okkar manna, lenti á móti Alexander Pagot frá Svíþjóð í fyrstu umferð, Alexander hafði betur en datt svo út í annarri umferð og því möguleikar Boga á uppreisn farnir. Næsti keppandi okkar var Iveta sem mætti fyrir Assia Oukhattou frá Frakklandi í fyrstu umferð. Assia vann Ivetu en þar sem hún datt út í næstu umferð þá var keppni Ivetu lokið.

Síðastur okkar keppanda í dag var Ágúst Heiðar. Ágúst Heiðar sat hjá í fyrstu umferð, en mætti svo Jan Bruist frá Hollandi í 16 manna úrslitum í skemmtilegri viðureign. Ágúst sótti vel og náði góðu Ura Mawashi geri í höfuð Jan, fékk þá 3 stig og urðu það lok viðureignarinnar, öruggur sigur okkar manns. Í átta manna úrslitum mætti Ágúst Heiðar Konstantinos Mastrogianis frá Grikkandi, en sá gríski marði sigur 1-0. Þar sem Konstantinos vann sinn riðill og fór í úrslit um Evrópumeistararitilinn, þá fékk Ágúst Heiðar uppreisn og möguleika á að keppa um 3ja sætið. Í öðrum bardaga uppreisnar mætti Ágúst Heiðar, Marc Scholl frá Þýskalandi. Sá þýski pressaði mjög vel en Ágúst varðist og sóttu þeir til skiptis en hvorugur þeirra náði stigum og fór svo að bardaginn endaði 0-0. Þá er gripið til dómarauðskurðar þar sem allir 5 dómarar gefa öðrum hvorum keppandanum sigur, var þeim þýska dæmdur sigur. Ágúst Heiðar endaði því í 7-8.sæti í kumite cadet -70kg á sínu fyrsta Evrópumeistaramóti, frábær árangur hjá þessum unga og efnilega karatemanni.

Á öðrum degi Evrópumeistaramóti unglings og U21 í karate sem fer fram í Limassol, Kýpur, átti Ísland 3 keppendur. Edda Kristín Óttarsdóttir kepti í kumite kvenna Junior -59kg, Katrín Ingunn

## Karatesamband Íslands

Björnsdóttir keppti í kumite kvenna Junior +59kg og Máni Karl Guðmundsson sem keppti í kumite Junior -61kg.

Edda Kristín lenti á móti Gwendoline Philippe frá Frakklandi í fyrstu umferð, sú franska vann 3-0 sem og næstu 4 bardaga og vann sigur að lokum og er því Evrópumeistari í kumite junior -59kg. Edda Kristín fékk því uppreisn og rétt til að keppa um 3ja sætið. Edda Kristín lenti á móti Tamari Turmanidze í fyrstu viðureign, Tamari vann viðureignina 2-0 og því endaði Edda Kristín í 9.sæti í sínum flokki.

Máni Karl lenti á móti Stefan Ilic frá Bosníu-Hersegovina, Stefan vann viðureignina 3-0, en þar sem Stefan datt úr í næstu umferð þá átti Máni Karl ekki möguleika á uppreisn.

Katrín Ingunn fékk Lea Avazeri frá Frakklandi í fyrstu umferð. Bardaginn var mjög jafn og endaði 0-0, þeiri frönsku var svo dæmdur sigur eftir dómarauðskurð og fór því í 2.umferð. Lea vann einnig næstu 4 bardaga, endaði sem Evrópumeistari í kumite junior +59kg, því fékk Katrín Ingunn uppreisn. Í fyrstu viðureign í uppreisn mætti Katrín Ingunn Lucija Lesjak frá Króatíu. Lucija reyndist ofjarl Katrínar því hún lagði hana 7-0 og endaði Katrín Ingunn í 9.sæti í sínum flokki.

Á þriðja degi Evrópumeistaramóti unglings og U21 í karate sem fer fram í Limassol, Kýpur, átti Ísland 1 keppanda, Ólaf Engilbert Árnason sem keppti í flokki U21 -75kg. Í fyrstu umferð mætti Ólafur Ardit Rusiti frá Sóvenju. Ardit sigraði viðureignina 8-0 en féll svo úr leik í næstu umferð á eftir og því átti Ólafur ekki möguleika á uppreisn.

Þá hafa allir íslensku keppendurnir lokið keppni. Bestum árangri náði Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson sem endaði í 7-8.sæti í Kumite Cadet -70kg, landsliðskonurnar Edda Kristín Óttarsdóttir, sem keppti í kumite kvenna Junior -59kg, og Katrín Ingunn Björnsdóttir, sem keppti í kumite kvenna Junior +59kg, enduði í 9.sæti í sínum flokkum. Bogi Benediktsson, sem keppti í kata karla U21, Iveta Chavdarova Ivanova, sem keppti í kumite Cadet -54kg, og Máni Karl Guðmundsson sem keppti í kumite Junior -61kg, duttu öll út í fyrstu umferð. Hópurinn heldur heim á leið á morgun, reynslunni ríkari.

### ***Ellefur ný dómarréttindi í kata***



Karatesambandið stóð fyrir dómaranámskeiði í kata 19.febrúar og sá Helgi Jóhannesson, EKF Referee, um námskeiðið, sem haldið var í húsnæði Breiðabliks, Smáranum, Kópavogi. Góð þátttaka var á námskeiðið þar sem farið var yfir WKF keppnisreglur í

## Karatesamband Íslands

kata, útgáfu 9.0, ásamt því að skriflegt og verklegt próf var haldið. Af þeim sem sóttu námskeiðið, fóru 11 í skriflegt og verklegt próf, og hefur aldrei áður eins mikill fjöldi farið í próf hjá Karatesambandinu á einum tíma.

### Nýir dómara, Kata B-dómari eru;

Arna Katrín Kristinsdóttir, Breiðablik

Arnar Freyr Nikulásson, Breiðablik

Aron Breki Heiðarsson, Breiðablik

Kári Steinn Benediktsson, Þórshamar

Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik

Ólöf Soffía Eðvarsdóttir, Þórshamar

Óttar Snær Yngvason, Þórshamar

Sæmundur Ragnarsson, Þórshamar

Ögmundur Albertsson, Breiðablik

### Þeir sem fengu uppfærð réttindi, Kata A-dómari;

Bogi Benediktsson, Þórshamar

Elías Snorrason, KFR

Karatesambandið óskar öllum þeim sem fengu ný/uppfærð réttindi innilega til hamingju auk þess sem sambandið lýsir ánægju sinni með að fjöldinn af keppendum skulu koma á námskeið og öðlast dómararéttindi.

### Nýr landsliðsþjálfari í kumite



Laugardaginn 27.febrúar, var undirritaður samningur við Ingólf Snorrason um að Ingólfur tæki að sér landsliðsþjálfun í kumite. Undirritunin átti sér stað þegar þinghlé var gert á Karateþingi sem fór fram í Íþróttamiðstöð ÍSÍ. Ingólfur Snorrason þarf vart að kynna fyrir karatefólk, enda einn sigursælasti keppandi landsins, Ingólfur vann til 20 Íslandsmeistaratitla, ýmist í +80kg flokki eða opnum flokki í kumite auk meistaratitla í liðkeppni. Ingólfur var fastamaður í landsliði Íslands í kumite til fjöldra ára, keppti á fjölda alþjóðlegra móta, Norðurlanda-, Evrópu- og Heimsmeistaramót, með góðum árangri. Karatesamband Íslands býður Ingólf velkominn til starfa.

Á meðfylgjandi mynd má sjá Reinharr Þorsteinnsson, formann Karatesambandisins, skrifa undir samninginn við Ingólf Snorrason.

## 29. Karateþing



Karateþing var haldið laugardaginn 27. febrúar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Um 30 fulltúar karatefélaganna á landinu tóku þátt í þingstörfunum. Gunnar Bragason, gjaldkeri ÍSÍ og Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, voru gestir á þinginu.

Nokkur mál lágu fyrir þinginu, Afreksstefna KAÍ fyrir 2016 – 2018, fjárhagsáætlun 2016 auk tillagna um ferðareglur, móttutan höfuðborgarsvæðisins, landsliðsmál, tölvuvæðingu mótauhalds og um brotthvarf eldri iökenda.

Nokkrar umræður urðu um Afreksstefnu KAÍ og tók hún nokkrum breytingum í umfjöllun allsherjarnefndar. Hún var síðan samþykkt með áorðnum breytingum. Aðrar tillögur voru samþykktar eftir umræður og nokkrar breytingar í nefndum og síðan vísað til stjórnar.

Ákveðið var að stefna að auknu mótauhaldi utan höfuðborgarsvæðisins þar sem komin eru öflug félög sem rétt er að efla með því að bjóða þeim að halda mótt heima í héraði. Í framhaldi af því að auka einnig útbreiðslustarf KAÍ.

Reinharð Reinharðsson var endurkjörinn formaður sambandsins og öll stjórnin var endurkjörin. Tveir nýir menn komu inn í varastjórn, Ævar Austfjörð og Valgerður Helga Sigurðardóttir.

Í þinghléi var undirritaður samningur við nýjan landsliðspjálfara í kumite, Ingólf Snorrason, margfaldan íslandsmeistara og reyndan landsliðsmann í kumite.

## Katalandsliðið á Swedish Kata Throphy



Laugardaginn 12.mars fer fram sterkt sánskt katamót í Stokkhólm,

Swedish Kata Throphy. Ísland sendir vaska sveit keppenda á mótið, allt okkar landsliðsfólk í kata mun keppa auk annarra þáttakenda frá Íslandi. Kata Throphy hefur í gegnum tíðina verið mjög sterkt katamót með keppendum frá um 10 þjóðlöndum og er eins í ár. Íslensku keppendurnir notar þetta mótt sem undirbúning fyrir Norðurlandameistaramótið sem fer fram í Danmörku 9.apríl

## Karatesamband Íslands

næstkomandi. Með keppendum í för er Magnús Kr. Eyjólfsson, landsliðspjálfari í kata, og Helgi Jóhannesson sem mun dæma á mótinu.

### Íslensku keppendurnir eru;

Elías Snorrason, KFR

Arna Katrín Kristinsdóttir, Breiðablik

Arnar Júlíusson, KFV

Aron Bjarkason, Þórshamar

Aron Breki Heiðarsson, Breiðablik

Aron Anh Huynh, ÍR

Bogi Benediktsson, Þórshamar

Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik

Laufey Lind Sigþórsdóttir, Breiðablik

María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamar

Sigríður Hagalin, KFR

Svana katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik

Viktor Steinn Sighvatsson, Fjölnir

Á meðfylgjandi mynd má sjá hópinn, frá vinstri Magnús, Svana Katla, Kristín, Laufey Lind, Viktor Steinn, Sigríður, Aron Breki, Aron, Bogi, Aron Anh og Arna Katrín. Á myndina vantar Maríu, Arnar og Elías.

### **Svana Katla með gull og silfur í Svíþjóð**



Laugardaginn 12.mars fór fram sterkt sánskt katamót í

Stokkhólm, Swedish Kata Thropy. Ísland var með 13 keppendur á mótinu og stóðu þau sig öll vel.

Um 400 keppendur voru á mótinu frá 8 löndum og þar af margir landsliðsmenn. Bestum árangri í dag náði Svana Katla Þorsteinsdóttir sem endaði með gull og silfur.

Svana katla Þorsteinsdóttir, Kristín Magnúsdóttir og Arna Katrín Kristinsdóttir byrjuðu daginn á að vinna Hópkata kvenna, þar sem þær unnu lið frá Karlstad Svíþjóð, þær stöllur munu keppa í Hópkata á næstkomandi Norðurlandameistaramóti. Í opnum flokki kvenna stóð Svana Katla sig best, vann fyrstu 3 viðureignar sínar örugglega, andstæðingarnir voru allar frá Svíþjóð. Svana Katla mætti Carola Casale frá Ítalíu í úrslitum, þar sem sú Ítalska hafði betur og fékk Svana Katla því silfur í opnum flokki kvenna. Kristín Magnúsdóttir tók svo bronsið í opna flokinum, þar sem hún byrjaði á að vinna fyrstu 2 viðureignirnar, tapaði svo fyrir Carola í undanúrslitum en vann svo Olivia Wester frá Svíþjóð í viðureigninni um bronsið. Auk þeirra kepptu Arna Katrín Kristinsdóttir, Laufey Lind Sigþórsdóttir og María Helga Guðmundsdóttir í flokknum.

## Karatesamband Íslands

Í opnum flokki karla áttum við 5 keppendur, Elías Snorrason, Aron Breki Heiðarsson, Arnar Júlíusson, Bogi Benediktsson og Aron Anh Huynh, þeir áttu ekki góðan dag í floknum og duttu út í fyrstu og annarri umferð.

Í flokki karla U21 áttum við 2 keppendur, Boga Benediktsson og Aron Breka Heiðarsson. Bogi stóð sig vel, vinn fyrstu 2 viðureignirnar og mætti Stefan Vasic Solna frá Svíþjóð í úrslitum, en þrátt fyrir góða útfærslu hjá Boga þá vann Stefan sigur og flokkinn. Aron Breki hafði mætt Stefan í undanúrslitum en beðið lægri hlut og fékk upp úr því bronsið í flokkinum.

Í flokki Junior karla, 16-17 ára, áttum við 2 keppendur Arnar Júlíusson og Aron Anh Huynh. Báðir duttu þeir út í fyrstu umferð. Það sama áttu við um keppendur okkar í Cadet karla, 14-15 ára, þá Aron Bjarkason og Viktor Stein Sighvatsson, þeir hittu ekki á sínar bestu hliðar í dag.

Við áttum two keppendur í Junior kvenna, 16-17 ára, þær Örnú Katrín Kristinsdóttur og Laufeyju Lind Sigþórsdóttur. Laufey datt út eftir fyrstu umferð en Arna vann sína fyrstu viðureign en tapaði svo í 8 manna úrslitum fyrir Carola Casale frá Ítalíu, þeirri sömu og vann fullorðinsflokkinn. Þar sem Carola fór í úrslit, fékk Arna uppreisn og réttinn til að keppa um 3ja sætið, í uppreisn vann hún fyrst Eva Le frá Svíþjóð en tapaði naumlega viðureigninni um bronsið fyrir Sara Salmivaara frá Finnlandi.

Í flokki cadets kvenna, 14-15 ára, áttum við einn keppenda Sigríði Hagalín. Sigríður mætti Lauren Fretwell frá Englandi í fyrstu umferð, Lauren vann viðureignina sem og aðrar viðureignir í floknum. Þar með fékk Sigríður uppreisn en tapaði fyrstu viðureigninni í uppreisninni.

Þegar uppi var staðið þá fengum við 1 gull, 2 silfur og 2 brons. Með keppendum í för var Magnús Kr. Eyjólfsson landsliðspjálfari í kata, Ævar Östfjörð liðsstjóri og Helgi Jóhannesson sem dæmdi á mótinu.

### Verðlaun í dag:

Gull í hópkata: Svana katla Þorsteinsdóttir, Kristín Magnúsdóttir og Arna Katrín Kristinsdóttir

Silfur í kata kvenna: Svana katla Þorsteinsdóttir

Brons í kata kvenna: Kristín Magnúsdóttir

Silfur í kata 18-21árs: Bogi Benediktsson

Brons í kata 18-21árs: Aron Breki Heiðarsson



## Karatesamband Íslands

Á meðfylgjandi mynd má sjá hópinn, frá vinstri Magnús, Arna Katrín, Kristín, Bogi, Laufey Lind, Elías, Svana Katla, Aron Breki, Aron Anh, Viktor Steinn, María Helga, Aron, Arnar, Sigríður og Ævar.

Á efri myndinni má sjá verðlaunahafa dagsins frá vinstri, Kristín, Aron Breki, Svana Katla, Bogi og Arna Katrín.

### ***María Helga með gull og brons í Svíþjóð***



Um helgina fór fram Swedish Karate Open í Malmö Svíþjóð, Ísland átti einn keppenda í fullorðinsflokkum á mótinu, Maríu Helgu Guðmundsdóttur, sem keppti bæði í kata og kumite en María dvaldi síðustu viku í Svíþjóð við æfingar. Í heildina voru um 800 keppendur á mótinu frá 12 þjóðum.

Í kata vann María Helga til bronsverðlauna, eftir að hafa unnið fyrstu 2 viðureignir sínar mætti María Helga Melina Kazakidis frá Danmörku í undanúrslitum. Sú danska hafði betur og því ljóst að María Helga myndi keppa um bronsverðlaunin. Í viðureigninni um bronsið mætti María Helga A. Johannsson frá Svíþjóð, María Helga sýndi kata Gojushihō-sho og vann viðureignina nokkuð örugglega.

Í kumite keppti María Helga í -55kg flokki þar sem hún átti að mæta Manu Gurung frá Nepal í undanúrslitum, en Manu mætti ekki og var Maríu Helgu dæmdur sigur. Í úrslitum mætti hún finnsku landsliðskonunni Ann-Marie Nummila. María Helga stýrði bardaganum frá upphafi, náði fljótt forstu með góðu sparki í höfuð Ann-Marie, sem síðan náði að svara með höggi í höfuð Maríu, en María Helga sýndi styrk sinn og náðu góðu hringsparki í síðu þeirra finnsku og vann viðureignina örugglega 5-1.

**Landslið Íslands á NM**

Laugardaginn 9. apríl næstkomandi fer fram

Norðurlandameistaramótið í karate sem haldið er í Ålaborg, Danmörku. Ísland sendir sterkt lið til keppni og eru 21 keppandi með í för auk þess sem Ísland sendir lið í kvennaflokk í kumite og hópkatalið kvenna. Norðurlandameistaramótið er mjög sterkt í ár, um 230 keppendur skráðir frá öllum norðurlöndunum auk Eistlands, Lettlands og Litháen, sem er boðið að taka þátt í mótinu. Keppt er í 3 aldursflokkum, cadet (14-15ára), junior (16-17ára) og senior (18ára og eldri), bæði í kata og kumite.

Í gegnum tíðina hefur Ísland verið að ná ágætis árangri og í fyrra vann landsliðið 1 silfurverðlaun og 8 bronsverðlaun, bæði í einstaklingsflokkum og í liðakeppni. Landsliðið hefur verið í stífum æfingarþúum að undanförnu undir leiðsögn landsliðspjálfarana þeirra Ingólfss Snorrasonar og Magnúsar Kr. Eyjólfssonar. Auk þeirra fara með hópnum formaður Karatesambandsins, 3 dómarar og 2 liðsstjórar.

Á meðal keppenda eru margir mjög sterkir einstaklingar sem hafa unnið til verðlauna á Heims- og/eða Evrópumeistaramótum, þar á meðal núverandi Heimsmeistari og Evrópumeistari.

Li Lirisman, Eistland, Heimsmeistari í kumite junior female -53kg

Anna Sokk, Eistland, Evrópumeistari í kumite junior female -48kg

Sofie Abild, Danmörk, brons á EM U21 kumite female +68kg

Helena Kuusisto, Finnland, brons á EM 2015, kumite +68kg

Gitte Brunstad, Noregur, silfur á HM 2014 í kumite -68kg

Frederikke Olesen, Danmörk, silfur á EM Cadet kumite +54kg

Lisa Rasmussen, Svíþjóð, brons á EM U21 kumite female -68kg

Ludvik Abild, Danmörk, silfur á EM U21 kumite male -75kg

Kevin Korte, Danmörk, silfur á EM U21 kumite male -84kg

**Landslið Íslands í karate er;**

Arna Katrín Kristinsdóttir, Breiðablik

Aron Anh Ky Huynh, ÍR

Aron Bjarkason, Þórshamar

Águst Heiðar Sveinbjörnsson, Fylkir

## Karatesamband Íslands

Bogi Benediktsson, Þórshamar  
Edda Kristín Óttarsdóttir, Fylkir  
Elías Snorrason, KFR  
Embla Kjartansdóttir, Fylkir  
Hekla Halldórsdóttir, Fylkir  
Hrannar Ingi Arnarsson, Fylkir  
Iveta Ivanova, Fylkir  
Katrín Ingunn Björnsdóttir, Fylkir  
Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik  
Laufey Lind Sigþórsdóttir, Breiðablik  
María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamar  
Máni Karl Guðmundsson, Fylkir  
Ólafur Engilbert Árnason, Fylkir  
Sigríður Hagalín Pétursdóttir, KFR  
Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik  
Telma Rut Frímannsdóttir, Afturelding  
Viktor Steinn Sighvatsson, Fjölnir

Á meðfylgjandi mynd má sjá landsliðshópinn með þjálfurum. Á myndinni eru, aftari röð frá vinstri; Ingólfur Snorrason landsliðspjálfari, Elías Snorrason, Ólafur Engilbert Árnason, Katrín Ingunn Björnsdóttir, Kristín Magnúsdóttir, Telma Rut Frímannsdóttir, Arna Katrín Kristinsdóttir, Hekla Halldórsdóttir, Bogi Benediktsson, Máni Karl Guðmundsson, Águst Heiðar Sveinbjörnsson, Viktor Steinn Sighvatsson og Magnús Kr. Eyjólfsson landsliðspjálfari. Fremri röð frá vinstri; Edda Kristín Óttarsdóttir, María Helga Guðmundsdóttir, Iveta Ivanova, Embla Kjartansdóttir, Hrannar Ingi Arnarsson, Sigríður Hagalín Pétursdóttir, Laufey Lind Sigþórsdóttir, Aron Bjarkason og Aron Anh Ky Huynh.

### **Tvö silfur og fjögur brons á NM**



Laugardaginn 8.apríl, fór fram Norðurlandameistaramótíð í karate sem haldið var í Ålaborg, Danmörku. Ísland var með 21 keppanda á mótinu og stóðu þau sig öll vel. Hópkataliðið okkar í kvennaflokki fékk silfurverðlaun eftir að hafa mætt danska hópkataliðinu í úrslitum, þar sem okkar lið framkvæmdi kata Enpi.

Í einstaklingsflokkum stóð María Helga Guðmundsdóttir best þegar hún keppti í -55kg flokki. Í fyrstu umferð mætti María Sabina Laaveri frá Svíþjóð, María vann viðureignina 3-2, í annarri umferð mætti

## Karatesamband Íslands

María hinni dönsku Amalie Poulsen og fór létt með hana, viðureignin endaði 5-1 fyrir Maríu. Í úrslitum mætti María Helga Ariana Alic frá Noregi, sú viðureign var jöfn þó svo að sú norska hafi unnið 7-2. Þess má geta að María Helga mætti þeirri norsku svo í liðakeppni og þá vann María viðureign þeirra 6-1.

Í juniorflokkni endaði Máni Karl Guðmundsson uppi með brons í kumite -61kg. Máni vann Oliver Danielsen frá Danmörku í fyrstu viðureign 2-0 en í undanúrslitum tapaði hann fyrir Daniel Johnsen frá Noregi. Í viðureigninni um 3ja sætið mætti Máni Malek Refai frá Svíþjóð í jafnri viðureign, Máni Karl stóð uppi sem sigurvegari og bronsið hans.

Í junior kumite -59kg keppti Edda Kristín Óttarsdóttir við Oona Tammisto frá Finnlandi þar sem Edda sigraði 5-0, í undanúrslitum tapaði Edda fyrir Heliose Hedbom frá Svíþjóð. Í viðureigninni um bronsið mætti Edda Pernille Stumberg frá Noregi í jöfnum og skemmtilegum bardaga sem Edda stýrði allan tímann og stóð uppi sem sigurvegari og bronsið því hennar.

Í cadetflokkni keppti Embla Kjartansdóttir í kumite -47kg, Embla tapaði fyrir Amalie Pedersen frá Noregi í fyrstu viðureigninni, en í bardaganum um bronsið vann hún Emmelie Sode frá Danmörku 5-0.

Í cadet kumite -70kg mætti Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson Johannes Korpela frá Finnlandi en sá finnki vann 4-1. Ágúst fékk uppreisn og réttinn til að berjast um 3ja sætið þar sem hann mætti Christian Bendiksen frá Noregi, sú viðureign var jöfn en Ágúst skoraði gott stig og vann 1-0 og því bronsið hans.

Aðrir keppendur okkar stóðu sig einnig mjög vel, margir áttu mjög góðan dag og voru í baráttu um bronsverðlaun en biðu lægri hlut. Greinilegt er að liðið okkar er að styrkast og vera betra.

Verðlaun Íslands á NM 2016:

Silfur í hópkata kvenna; Arna Katrín Kristinsdóttir, Kristín Magnúsdóttir, Svana Katla Þorsteinsdóttir

Silfur í kumite kvenna -55kg; María Helga Guðmundsdóttir

Brons í kumite junior -61kg; Máni Karl Guðmundsson

Brons í kumite junior -59kg; Edda Kristín Óttarsdóttir

Brons í kumite cadet -47kg; Embla Kjartansdóttir

Brons í kumite cadet -70kg; Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson

Á meðfylgjandi mynd má svo sjá verðlaunahafa okkar, frá vinstri Kristín Magnúsdóttir, Máni Karl Guðmundsson, Embla Kjartansdóttir, María Helga Guðmundsdóttir, Edda Kristín Óttarsdóttir, Svana Katla Þorsteinsdóttir, Arna Katrín Kristinsdóttir og Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson.

## **Kristján Nordic Karate Referee**



Á Norðurlandameistaramótinu í Aalborg, Danmörku, 9.apríl síðastliðinn fór Kristján Ó. Davíðsson í dómarapróf. Á föstudeginum var skriflegt próf en verklegt próf fór fram á laugardeginum á meðan mótið stóð yfir. Kristján stóð sig vel og fékk Nordic kumite Referee réttindi að mótinu loknu. Við óskum honum til hamingju með nýju réttindi sín, Kristján var kominn með Nordic kata Judge réttindi og er því núna Nordic Karate Referee. Kristján er fjórði Íslendingurinn með Nordic réttindi, auk hans eru Pétur Freyr Ragnarsson, Ólafur Hreinsson og Willem C. Verhaul með Nordic réttindi. Á mótinu dæmdu auk Kristjáns, Helgi Jóhannesson og Pétur Freyr Ragnarsson.

## **María Helga og Aron Anh bikarmeistarar í Karate**



Laugardaginn 23.apríl fór fram þriðja og síðasta bikarmót vetrarins í karate, mótið var haldið í Dalhúsum Grafarvogi í umsjón Karatedeildar Fjölnis.

Mikil spenna var fyrir mótið um hver yrði bikarmeistari í karla og kvennaflokki, þar sem litlu munaði á efsta fólki eftir tvö fyrstu mótin. Bikarmeistari verður sá einstaklingur sem er stigahæstur eftir 3 móti þar sem stig úr kata og kumite eru lögð saman, 10 stig fást fyrir 1.sæti, 8 stig fyrir 2.sætið og 6 stig fyrir 3.sætið.

Staðan í karlauflokki var mjög jöfn fyrir síðasta mótið. Aron Anh Ky Huyn, ÍR, var með 21 stig, Elías Snorrason, KFR, með 20 stig og Sæmundur Ragnarsson, Þórshamri, einnig með 20 stig. Eftir þau þrjú móti sem mynduðu bikarmótaröðina þetta árið, stóð Aron Anh uppi sem sigurvegari með 35 stig og er því bikarmeistari karla í karate 2016, en þess má geta að Aron Anh er á sínu fyrsta ári sem keppandi í bikarmótaröðinni enda keppir hann einnig í unglingsflokkum. Í öðru sæti varð Sæmundur með 32 stig og Ólafur Engilbert Árnason, Fylki, í þriðja sæti með 31 stig.

## Karatesamband Íslands

Í kvennaflokki var ekki síðri spenna, enda voru allar okkar bestu karatekonur þátttakendur í mótaröðinni í ár. Fyrir síðasta mótið var María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamri, með 25 stig, Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik, með 23 stig og Telma Rut Frímannsdóttir með 19 stig. Þegar stigin voru talin við lok þriðja mótsins stóð María Helga uppi sem sigurvegari með 39 stig og er því bikarmeistari kvenna í karate 2016. Í öðru sæti varð Svana Katla með 36 stig og í þriðja sæti Telma Rut með 29 stig.

### **Úrslit úr Bushido mótaröðinni 2015 – 2106.**

Seinna um daginn fór fram þriðja Bushido bikarmótið sem er mótaröð fyrir 12-17 ára unglings, þar sem keppt er í kata og kumite, skipt í aldursflokka en aldursflokkar ráðast af aldri keppenda þegar mótaröðin hefst að hausti. Þau sem stóðu uppi sem sigurvegarar og Bushido bikarmeistarar eru;

Kata 12 ára barna, Daníel Dagur Bogason, Breiðablik

Kata 13 ára tárninga, Kamila Buracewska, ÍR

Kata 14 ára tárninga, Sigríður Hagalín Pétursdóttir, KFR

Kata 15 ára tárninga, Mary Jane Rafael, ÍR

Kata 16-17 ára unglings, Aron Anh ky Huyn, ÍR

Kumite drengja 12-13 ára 45 mínus, Omar Mohamed, Þórshamar

Kumite drengja 12-13 ára 45 plús, Máni Hákonarson, Afturelding

Kumite pilta 14-15 ára, Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, Fylkir

Kumite pilta 16 og 17 ára, Máni Karl Guðmundsson, Fylkir

Kumite telpna 12 og 13 ára, Lóa Björg Finnsdóttir, Fylkir

Kumite stúlkna 14 og 15 ára, Iveta Ivanova, Fylkir

Kumite stúlkna 16 og 17 ára, Katrín Ingunn Björnsdóttir, Fylkir

Á meðfylgjandi mynd má sjá bikarmeistarana, Aron Anh og Maríu Helgu.



## Karatesamband Íslands

Á seinni myndinni má sjá sigurvegara úr Bushidomótaröðinni, frá vinstri: Kamila, Máni, Lóa Björg, Iveta, Sigríður, Aron Anh, Máni Karl, Mary Jane, Ágúst Heiðar, Omar, Katrín Ingunn og Daníel Dagur.

### ***Helgi fær silfurmerki EKF fyrir dómgæslu***



Á meðan Evrópumeistaramótið í karate fór fram í Montpellier í Frakklandi, var Helga Jóhannessyni veitt silfurmerki EKF fyrir að hafa verið 15 ár sem European Referree. Helgi sinnti dómgæslu á mótinu, dæmdi einstaklingsflokka og liðakeppni auk þess að hafa verið valinn til að dæma í úrslitum. Karatesambandið óskar Helga til hamingju með þessa viðurkenningu.

Á meðfylgjandi mynd má sjá Helga þegar hann tekur við silfurmerkinu úr hendi Primoz Debenak, formanns dómanefndar EKF.

### ***Fjórir keppendur á Opið Tékkneskt móti***



Laugardaginn 14.maí fer fram Opið Tékkneskt bikarmót „Czech Karate Open Cup“ í borginni Ústí nad Labem í Tékklandi. Fjórir íslenskir landsliðsmenn í karate munu keppa á mótinu, þetta eru Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson og Iveta Ivanova sem keppa í kumite cadet hópi (14-15 ára), María Helga Guðmundsdóttir og Telma Rut Frímannsdóttir keppa í fullorðins, báðar keppa þær í kumite auk þess sem María Helga keppir í kata. Með þeim í för er Ingólfur Snorrason, landsliðspjálfari í kumite.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hópinn, frá vinstri Ingólfur, María Helga, Iveta, Telma Rut og Ágúst Heiðar.

**Góður árangur í Tékklandi**

Laugardaginn 14.maí fór fram Opið Tékkneskt

bikarmót „Czech Karate Open Cup“ í borginni Ústí nad Labem í Tékklandi. Ísland átti fjóra keppendur á mótinu, það voru Iveta Ivanova, Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, María Helga Guðmundsdóttir og Telma Rut Frímannsdóttir. Öll áttu þau mjög góðan dag og urðu verðlaunin alls sjö talsins, þrjú gull, eitt silfur og tvö brons en einnig sigraði kvennasveit Íslands sterkt danskt lið í úrslitum liðakeppninnar og fékk Íslenska liðið þar með eitt gull í viðbót. Um 400 keppendur voru á mótinu meðal annars frá Tékklandi, Þýskalandi, Rússlandi, Danmörku, Svíþjóð auk Íslands. Iveta keppti í cadet flokki kvenna og vann hann sannfærandi, vann báða sína andstæðinga nokkuð auðveldlega 10-0 og 6-0. Frábært hjá þessari ungu karatekonu. Ágúst Heiðar vann andstæðing sinn í 8 manna úrslitum glæsilega 3-0 en beið naumlega lægri hlut í undanúrslitum 2-3 og fékk því bronsið í kumite cadet.

Telma Rut átti mjög góðan dag endaði með 3 gull, vann þyngdarflokkinn sinn -61kg, opna flokkinn þar sem hún mætti rússneskri landsliðskonu í úrslitum en Telma Rut lagði hana eftir snarpa viðureign 4-1. María Helga fékk silfur í -61kg flokki, brons í opnum flokki en datt út í 2.umferð í kata.

Stúlkurnar kórónu svo daginn með því að sigra liðakeppni kvenna, í liðinu voru Telma Rut, María Helga og Iveta. Athygli vakti að Iveta Ivanova keppti með íslenska liðinu í liðakeppni kvenna en Iveta er einungis fimmtán ára. Þar munaði um minna, Iveta sigraði lokaviðureignina í liðakeppninni 2-1 og tryggði Íslandi sigurinn gegn hinu sterka danska liði Team Holstebro.

Mótið var lokamót fyrir sumarfrí hjá landsliðinu og má segja að því hafi lokið með miklum hvelli, níu sigrar og einungis þrjú töp þar sem liðið skoraði alls 45 stig og fékk einungis 25 stig á sig.

Verðlaunaskiptingin var eftirfarandi:

Iveta Ivanova; gull í Cadett -54 kg og gull í liðakeppni.

Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson brons í Cadett -70 kg.

María Helga Guðmundsdóttir silfur í -61 kg, brons í opnum flokki og gull í liðakeppni.

Telma Rut Frímannsdóttir gull í -61 kg, gull í opnum flokki og gull í liðakeppni.

Með þeim í för er Ingólfur Snorrason, landsliðsþjálfari í kumite.

## Skráning keppenda á mótt á vegum KAÍ



Eins og fram kom á síðasta karateþingi, þá var ákveðið að færa skráningar á mótt sem KAÍ heldur inn í kerfi Sportdata.org. Kai hefur nú tekið upp skráningarkerfið sportdata fyrir öll mótt innanlands. Þetta virkar þannig að hvert félag stofnar sinn aðgang og skráir sína iökendur inn í kerfið. Mótin og skráningarfrestur birtist á síðunni Sportdata.org þar sem einnig verður hægt að fá upplýsingar um hvaða keppnisflokkar eru í boði fyrir hvert mótt. Mótanefnd mun áfram senda út auglýsingar og skráningarfrest á öll félög, eins og áður nema núna verða ekki nein skráningarskjöl send út. Það er því alfarið í höndum félaga að skrá rétt inn og á tilsettum tíma.

## Níu landsliðsmenn á Banzai-Cup í Þýskalandi



Laugardaginn 17.september næstkomandi fer fram sterkt þýskt mótt, Banzai-Cup, í Berlín Þýskalandi. Þetta er fyrsta verkefni landsliðsins í Karate á þessum vetri og munu níu landsliðsmenn keppa að þessu sinni. Mótið er mjög stórt, yfir 1000 keppendur skráðir frá 34 löndum og þar af fjöldi landsliðsmanna sem eru að nota mótið sem undirbúning fyrir Heimsmeistaramótið í Karate sem fer fram í Linz Austurríki 25.-30.október. Þeir sem keppa í Þýskalandi eru Águst Heiðar Sveinbjörnsson, Fylkir, Aron Breki Heiðarsson, Breiðablik, Elías Snorrason, KFR, Iveta Ivanova, Fylkir, María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamar, Máni Karl Guðmundsson, Fylkir, Ólafur Engilbert Árnason, Fylkir, Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik, og Telma Rut Frímannsdóttir, Afturelding. Með þeim í för er Ingólfur Snorrason, landsliðsþjálfari í kumite, og Reinhart Reinhartsson, Formaður KAÍ, sem mun dæma á mótinu. Á meðfylgjandi mynd má sjá hópinn, frá vinstri Reinhart, Máni Karl, Iveta, Elías, Svana Katla, Ólafur Engilbert, María Helga, Águst Heiðar, Telma Rut, Aron Breki og Ingólfur.

**Góður árangur á BanzaiCup-Telma Rut með brons í -61kg flokki**

Laugardaginn 17.september, fór fram sterkt þýskt

mót, Banzai-Cup, í Berlín Þýskalandi. Ísland sendi níu landsliðsmenn til keppni að þessu sinni, það voru Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, Fylkir, Aron Breki Heiðarsson, Breiðablik, Elías Snorrason, KFR, Iveta Ivanova, Fylkir, María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamar, Máni Karl Guðmundsson, Fylkir, Ólafur Engilbert Árnason, Fylkir, Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik, og Telma Rut Frímannsdóttir, Afturelding.

Bestum árangri okkar keppanda náði Telma Rut Frímannsdóttir, Aftureldingu, þegar hún endaði í 3ja sæti í kumite -61 kg flokki. Telma byrjaði á að sigraði tvo þýska keppendur í fyrstu tveimur viðureignum sína en í undanúrslitum tapaði hún fyrir Lynn Snel frá Hollandi eftir jafna viðureign þar sem skera þurfti úr með sigurvegara með dómaraúrskurði. Í bardaga um þriðja sætið sigraði Telma Natascha Lauritsen frá Danmörku örugglega, keppendur í flokknum voru 12 talsins frá 9 löndum. Telma tók einnig þátt í opnum flokki þar sem hún tapaði fyrir Anzhelika Terliuka, silfurverðlaunahafa frá Evrópumótinu, í fyrstu umferð, þar sem Anzhelika fór í úrslit fékk Telma uppreisn. Telma gerði sér lítið fyrir og sigraði fyrstu tvær uppreisnar viðureignirnar og keppti um þriðja sætið við Amelia Harvey landsliðskonu frá Englandi, Telma tapaði þar mjög naumlega og lenti því í 5.sæti. Opni flokkurinn var mjög fjölmennur en alls tóku yfir 30 keppendur þátt frá 13 löndum.

Ólafur Engilbert Árnason, Fylki, náði 3.sæti í U21 árs flokki kumite -75 kg. Ólafur sigraði í fyrstu umferð Nikolaos Basoukos frá Grikklandi, í annarri umferð Dans Savickis frá Lettlandi en tapaði síðan naumlega fyrir Bogdan Tashoglu frá Úkraínu í undanúrslitum. Í bardaganum um 3ja sæti sigraði Ólafur síðan Harvey Curtis frá Englandi. Þátttakendur í flokknum voru 19 frá 11 löndum.

Þau Elías Snorrason, KFR, og Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik, kepptu í kata og enduðu bæði í fimmta sæti eftir mikla baráttu. Svana vann Kirsten Loven frá Noregi í fyrstu umferð en beið lægri hlut fyrir Olgu Nolta frá Slóvakiu en þar sem Olga komst í úrsliti fékk Svana uppreisn og möguleika á að keppa um 3ja sætið. Í fyrstu viðureign í uppreisn vann hún Emelia Ibrahim frá Hollandi en í baráttunni um 3ja sætið tapaði Svana naumlega fyrir Izabella Tran frá Svíþjóð 3-2, en þess má geta að fyrr á árinu vann Svana Izabellu á sánsku móti, 19 keppendur voru í flokknum frá 11 löndum. Elías vann Lucas Hermann frá Þýskalandi, en tapaði fyrir Wouter Deijl frá Hollandi, Deijl fór alla leið í úrslit og því fékk Elías uppreisnarviðureignir. Í fyrstu uppreisninni vann hann Milan Zitko frá Tékklandi en í viðureigninni um 3ja sætið tapaði Elías fyrir Filippo Panetta frá Þýskalandi, 23 keppendur voru í flokknum frá 7 löndum.

## Karatesamband Íslands

Auk þeirra áttu Iveta, Máni Karl, Aron Breki, Ágúst Heiðar og María Helga ágætis dag þrátt fyrir að hafa dottið úr í fyrstu og annarri umferð.

Eins og fyrr hefur komið fram, þá var mótið mjög stórt, yfir 1100 keppendur skráðir frá 34 löndum og þar af fjöldi landsliðsmanna sem eru að nota mótið sem undirbúning fyrir Heimsmeistaramótið í Karate sem fer fram í Linz Austurríki 25-30.október. Með landsliðsfólkini í för voru Ingólfur Snorrason, landsliðspjálfari í kumite, og Reinharð Reinharðsson, Formaður KAÍ, sem dæmdi á mótinu.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hópinn eftir mótið, frá vinstri Ingólfur, Svana Katla, María Helga, Ágúst Heiðar, Ólafur Engilbert, Aron Breki, Telma Rut, Elías, Máni Karl og Iveta.

### **Karatefólk á leið á enskt móti**



Sunnudaginn 9.október næstkomandi fer hluti af landsliðshópi Íslands í karate á móti í Englandi, Central England International Open, sem fer fram í Worcester. Þessi ferð er hluti af undirbúningi liðsins fyrir Heimsmeistaramótið í karate sem fer fram í Linz Austurríki 25-30.október.

Landsliðshópurinn okkar að þessu sinni er skipaður eftirfarandi einstaklingum;

Arna Katrín Kristinsdóttir, Breiðablik, kumite 16-17 ára

Elías Snorrason, KFR, Kata karla

Embla Kjartansdóttir, Fylki, kumite 14-15 ára

Iveta Ivanova, Fylki, kumite 14-15 ára

Ólafur Engilbert Árnason, Fylki, Kumite karla -75kg

Telma Rut Frímannsdóttir, Afturelding, kumite kvenna -61kg

Með hópnum fer Ingólfur Snorrason landsliðspjálfari í kumite.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hópinn, frá vinstri Iveta, Embla, Arna, Telma, Elías, Ólafur og Ingólfur.

## Góður árangur í Englandi



Sunnudaginn 9.október kepptu nokkrir

landsliðsmenn á móti í Worcester Englandi, Central England open, sem var nokkuð sterkt móti.

Árangur okkar fólks var með ágætum, 4 verðlaun og fjöldi viðureigna unnar.

Iveta Ivanova náði frábærum árangri er hún sigraði -54 kg flokkinn í 14 til 15 ára aldursflokk, sýndi

Iveta mjög góð tilþrif og endaði sem öruggur sigurvegari síns riðils. Embla Kjartansdóttir sigraði hinn riðilinn í sama aldursflokk og mættust Embla og Iveta í úrslitum, þar sem Iveta vann 1-0.

Frábær árangur hjá þessu ungu og efnilegu karatestúlkum. Í heildina voru 22 keppendur í þessum aldursflokk, margar hverjar landsliðstúlkur. Þær Iveta og Embla kepptu einnig í opnum flokki 14-15 ára, unnu sitt hvora viðureignina en duttu svo út, ekki var stuðst við uppreisnarkerfi í þeim flokki og því fengu þær ekki fleiri viðureignir.

Arna Katrín Kristinsdóttir komst í úrslit í +59 kg flokki 16 til 17 ára eftir mikla baráttu, þar sem Arna sýndi mikinn karakter. Í undanriðlum mætti hún keppendum frá Englandi sem hún sigraði en í úrslitum mætti hún keppanda frá Alsír. Eftir mjög jafnan bardaga náði Alsírstúlkan stigi á Örnu og því endaði Arna í 2.sæti. Arna Katrín keppti einnig í opnum flokki en komst ekki áfram eftir fyrstu umferð.

Telma Rut Frímannsdóttir fékk risaverkefni í fyrstu umferð -61 kg flokki þar sem hún mætti Natalie Williams, landsliðskonu Englendinga (Natalie er núna í 29.sæti á heimslista WKF) og eftir harða baráttu sigraði Natalie á heimavellinum. Natalie fór alla leið í úrslit í þessum flokki og því fékk Telma Rut fékk uppreisn þar sem hún endaði með að sigra 3ja sætið örugglega. Greinilegt er að Telma Rut er í fantaformi þessa dagana og lofar það góðu fyrir næsta verkefni hennar sem verður HM í Austurríki í lok mánaðar. Í opna floknum fékk Telma Rut Natalie aftur og tapaði naumlega, ekki var uppreisnarkerfi í opna floknum og því var Telma úr leik.

Ólafur Engilbert sigraði fyrstu viðureignina í -75kg flokki en tapaði naumlega í þeirri næstu gegn enskum landsliðsmanni. Ólafur meiddist lítillega og var ekki 100% er hann keppti um bronsið þar sem hann tapaði naumlega. Flokkurinn var mjög sterkur á þessu móti, 16 keppendur m.a. frá Englandi, Skotlandi og Alsír.

Elías Snorrason keppti í Kata og sigraði fyrstu viðureign en tapaði 2-1 í þeirri næstu óverðskuldað að matri flestra. Andstæðingur hans datt út í næstu umferð og því fékk Elías ekki neina uppreisn.

## Karatesamband Íslands

Allir keppendur landsliðsins stóðu sig mjög vel, það er að verða til meira öryggi hjá þeim, meira traust á eigin getu og erum við á rétttri leið. Með þeim í för var Ingólfur Snorrason landsliðsþjálfari í kumite.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hópinn, frá vinstri Ingólfur, Ólafur, Arna, Iveta, Embla, Telma og Elías.

### Nýir dómarar í kumite



Karatesambandið stóð fyrir dómaranámskeiði í

kumite föstudaginn 21.október síðastliðinn í Ráðstefnusál-D, ÍSÍ, Laugardal. Helgi Jóhannesson, EKF Referee, sá um námskeiðið sem var í formi fyrirlesturs og í framhaldi af honum var haldið skriflegt próf fyrir þá sem það kjósa. Farið var yfir keppnisreglur WKF útgáfu 9.0.

Góð þátttaka var á námskeiðinu, um 15 manns frá 5 karatefélögum mættu, og vill Karatesambandið koma á framfæri þakklæti fyrir góð viðbrögð við óskum um betri þáttöku í starfi sambandsins.

Á laugardeginum, 22.október, á meðan Íslandsmeistaramóti unglings fór fram, var haldið verklegt próf. Til að ná prófi og fá Judge-B réttindi í kumite, þarf að standast bæði skriflegan og verklegan hluta prófsins. Metfjöldi dómarraefna var í skriflega og verklega hlutanum og er það mjög jákvæð þróun.

Nýir dómarar í kumite eru;

Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik, Kumite Judge-B  
Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik, Kumite Judge-B  
Telma Rut Frímannsdóttir, Afturelding, Kumite Judge-B

Þeir sem fengu uppfærð réttindi í kumite:

Ragnar Eyþórsson, Breiðablik, Kumite Referee-B  
Arnar Freyr Nikulásson, Breiðablik, Kumite Judge-A  
Elías Snorrason, KFR, Kumite Judge-A

Við óskum þeim til hamingju með áfangann.

## Sex keppendur á HM



Heimsmeistaramót í karate fer fram dagana 26-30.október í Linz,

Austurríki. Ísland verður með sex keppendur á mótinu bæði í einstaklingsflokk og í liðakeppni. Á heimsmeistaramótinu er keppt í 16 mismunandi flokkum í kata og kumite, auk þess sem keppni í kumite er skipt upp í þyngdarflokk. Mjög góð þátttaka er á mótinu, um 110 lönd senda keppendur og eru þeir um 1050 talsins, bæði í einstaklingsflokkum og liðakeppni. Hver þjóð getur einungis sent 1 keppanda í hvern flokk og eru því allt sterkasta karatefólk heimsins að taka þátt í mótinu. Á miðvikudaginn fer fram keppni í einstaklingsflokkum, þar sem Elías, Ólafur, Svana og Telma keppa. Hópkatalið okkar mun svo keppa á fimmtudaginn. Öll úrslit fara svo fram á laugardag og sunnudag.

### Keppendur Íslands eru;

Arna Katrín Kristinsdóttir, hópkata kvenna (28 lið)

Elías Snorrason, kata karla (74 keppendur)

Kristín Magnúsdóttir, hópkata kvenna (28 lið)

Ólafur Engilbert Árnason, kumite karla -75kg (83 keppendur)

Svana Katla Þorsteinsdóttir, kata kvenna (65 keppendur), hópkata kvenna (28 lið)

Telma Rut Frímannsdóttir, kumite kvenna -61kg (64 keppendur)

Með keppendum í för er Ingólfur Snorrason landsliðspjálfari í kumite og Reinharð Reinharrósson formaður Karatesambands Íslands.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hópinn, frá vinstri Ingólfur, Elías, Kristín, Svana, Arna, Ólafur og Reinharð.

### Elías, Ólafur og Svana úr leik á HM í Karate



Ísland átti 3 keppendur á fyrsta degi Heimsmeistaramótsins í Karate sem fer fram í Linz Austurríki. Ekki náðu okkar keppendur að hitta á rétt úrslit þrátt fyrir góða frammistöðu. Elías Snorrason og Svana Katla Þorsteinsdóttir kepptu bæði í einstaklingskata, þar sem Elías mætti Ramirez Luis Aros frá Chile og Svana Katla mætti Frederikke Bjerring frá Danmörku. Andstæðingar þeirra unnu og féll okkar fólk því út í fyrstu umferð. Það sama átti við um Ólaf Engilbert Árnason sem mætti Fali Li frá Kína í fyrstu umferð í kumite -75kg flokki, beið Ólafur lægri hlut 0-1. Andstæðingar okkar í dag duttu svo út í seinni umferðum og því átti okkar fólk ekki rétt á

## Karatesamband Íslands

uppreisnarglímu. Þess má geta að einstaklingsflokkarnir eru mjög fjölmennir og þarf sá sem keppir til sigurs í hverjum flokki að keppa í 7-8 viðureignum.

Á morgun fimmtudag mun svo Telma Rut Frímannsdóttir keppa í kumite -61kg og hópkatalið okkar.

### **Telma og Hópkataliðið úr leik á HM**



Á öðrum degi Heimsmeistaramótsins sem fer fram í Linz Austurríki, keppti Telma Rut Frímannsdóttir í kumite -61kg flokki og hópkatalið okkar í kvennaflokk, hópkataliðið skipa þær Arna Katrín Kristinsdóttir, Kristín Magnúsdóttir, Svana Katla Þorsteinsdóttir. Telma Rut mætti Javiera Lavin Gonzalez frá Chile í fyrstu umferð sem endaði með því að Javiera vann viðureignina 3-0. Javiera tapaði svo í næstu umferð og því á Telma ekki möguleika á uppreisn. Hópkataliðið okkar mætti danska landsliðinu í fyrstu umferð, þar sem okkar stúlkur biðu lægri hlut og eru því úr leik eftir að þær dönsku duttu út í næstu umferð.

### **María Helga og Aron Anh eru karatefólk ársins 2016**



Stjórn Karatesambands Íslands útnefndi eftirfarandi karatekonu og karatemann ársins 2016

#### **Karatekona ársins: María Helga Guðmundsdóttir, Karatefélagið Pórshamar**

María Helga hefur verið sigursæl karatekona síðustu ár, keppir bæði í kata og kumite. Náði þeim frábæra árangri að vinna til silfurverðlauna á Norðurlandameistaramóti auk þess að vera

## Karatesamband Íslands

Bikarmeistari kvenna. María Helga hefur keppt erlendis með landsliðinu og náð góðum árangri, verið m.a. í verðlaunasætum á erlendum mónum eins og sést á árangri hennar.

María Helga er núna í 223.sæti á heimslista Alþjóða Karatesambandsins (WKF) í kumite kvenna - 55kg af 438 skráðum keppendum.

### **Helstu afrek Maríu Helgu á árinu 2016 voru;**

1. Bikarmeistari Kvenna 2016
2. Silfur í kumite kvenna -55kg, Norðurlandameistaramót
3. Íslandsmeistari í -61kg flokki
4. Brons á Íslandsmeistaramóti í kumite opnum flokki kvenna
5. Brons á Íslandsmeistaramóti í kata kvenna
6. Gull í kumite -55kg, Swedish Karate open
7. Brons í kata kvenna, Swedish Karate open
8. Silfur í -61 kg, Czech Karate Open Cup
9. Brons í opnum flokki, Czech Karate Open Cup
10. Gull í liðakeppni, Czech Karate Open Cup
11. Brons í kata kvenna, RIG

María Helga er því verðugur fulltrúi karateíþróttarinnar.

### **Karatemaður ársins: Aron Anh Ky Huynh, Karatedeild ÍR**

Aron Anh er einn efnilegasti karatemaður sem hefur komið fram síðustu ár, er jafnvígur á keppni í kata og kumite. Aron Anh er núverandi Bikarmeistari á sínu fyrsta keppnisári í fullorðinsflokkni auk þess að vera Íslandsmeistari unglings bæði í kata og kumite. Aron Anh er einnig bikarmeistari unglings í kata ásamt því að vera í verðlaunasætum bæði á unglings og fullorðinsmónum í kata og kumite.

### **Helstu afrek Aron Anh á árinu 2016 voru;**

1. Bikarmeistari karla 2016
2. Íslandsmeistari í Kumite pilta 16-17 ára -68kg
3. Íslandsmeistari í kata pilta 16-17 ára
4. Bushidobikarmeistari í Kata 16-17 ára unglings
5. Silfur á Íslandsmeistaramóti í kumite -67kg flokki
6. Brons á Íslandsmeistaramóti í kata karla
7. 3ja sæti í Bushidobikarmótaröð í Kumite pilta 16 og 17 ára
8. Brons á Íslandsmeistaramóti í hópkata táninga 16 og 17 ára
9. Gull í Kata Junior karla, RIG

Aron Anh er því verðugur fulltrúi karateíþróttarinnar.

## **NEFNDIR**

### ***Aganefnd***

Ásmundur Ísak Jónsson - formaður

Ólafur Helgi Hreinsson

Guðni Már Egilsson

Magnús Kr. Eyjólfsson

Willem Cornelis Verheul

#### **Varamenn:**

Gretar Örn Halldórsson

Indriði Jónsson

Vincente Carrasco

### ***Dómaranefnd***

Helgi Jóhannesson - formaður

Pétur Freyr Ragnarsson

Kristján Ó. Davíðsson

### ***Landsliðsnefnd***

Jacqueline Becker - formaður

Valgerður Helga Sigurðardóttir

### ***Mótanefnd***

María Jensen – formaður

Arnar Þór Björgvinsson

Bjarki Logason

Jacqueline Becker

Valgerður Helga Sigurðardóttir

### ***Landsliðsþjálfarar***

Ingólfur Snorrason – Kumite

Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson – Kata

# MÓT Á ÁRINU 2016

## Bikarmót 2 2015-2016

Fylki, föstudaginn 15.janúar 2016

Annað bikarmót vetrarins fór fram föstudaginn 15.janúar síðastliðinn í umsjón Karatedeildar Fylkis. Fín mæting var á mótinu og sáust nýir keppendur á mótinu sem máttu taka þátt vegna aldurs.

### KATA

#### Kata karla

1.	Elías Snorrason	KFR
2.	Bogi Benediktsson	Þórshamar
3.	Sæmundur Ragnarsson	Þórshamar
3.	Aron Anh Ky huynh	ÍR
5.-6.	Matthías Montazeri	ÍR
5.-6.	Kári Steinn Benediktsson	Þórshamar

#### Kata kvenna

1.	Svana katla Þorsteinsdóttir	Breiðablik
2.	Maria Helga Guðmundsdóttir	þórshamar
3.	Arna Katrín Kristinsdóttir	Breiðablik
3.	Laufey Lind Sigþórsdóttir	Breiðablik
5.-6.	Guðbjörg Hera Gunnarsdóttir	Breiðablik
5.-6.	Azia Sól Adamsdóttir	þórshamar

### KUMITE

#### Kumite karla

1.	Ólafur Engilbert Árnason	Fylkir
2.	Máni Karl Guðmundsson	Fylkir
3.	Þorsteinn Freygarðsson	Fylkir
3.	Aron Anh ky Huynh	ÍR
5.-6.	Kári Steinn Benediktsson	þórshamar
5.-6.	Sæmundur Ragnarsson	þórshamar

#### Kumite kvenna

1.	katrín Ingunn Björnsdóttir	Fylkir
2.	Edda Kristín Óttarsdóttir	Fylkir
3.	Hekla Halldórsdóttir	Fylkir
3.	Telma Rut Frímansdóttir	UMFA
5.-6.	Maria Helga Guðmundsdóttir	þórshamar
5.-6.	Svana Katla Þorsteinsdóttir	Breiðablik

## Reykjavík International Games - karate



Karatehluti RIG fór fram 30. janúar í Frjálsíþróttahöllinni þar sem keppt var bæði í kata og kumite í 4 mismunandi aldursflokkum. Hátt í 100 keppendur frá 9 félögum auk erlendra gesta tóku þátt í mótinu í dag. Margar mjög góðar viðureignir sáust í dag og ljóst að gott starf er unnið í karatefélögum landsins. Hápunktar dagsins voru keppnir í fullorðinsflokk, þar sem 4 erlendir keppendur tóku þátt, en tveir af þeim sem voru búnir að boða sig forfölluðust.

Í úrslitum í kata senior kvenna mættust liðsfélagarnir úr Breiðablik þær Svana Katla Þorsteinsdóttir, núverandi Íslandsmeistari í kata kvenna, og Laufey Lind Sigþórsdóttir. Svana Katla sigraði eftir framkvæmd á kata sem heitir Annan. Í þriðja sæti urðu þær María Helga Guðmundsdóttir, Þórhámr, og Hera María Jakobsen, Breiðablik. Í kata senior karla mættust liðsfélagarnir úr KFR, þeir Elías Snorrason, núverandi Íslandsmeistari í kata karla, og Sverrir Magnússon. Báðir sýndu þeir frábærar kata í háum styrkleikaflokk, en svo fór að Elías bar sigur úr býtum og vann flokkinn á RIG annað árið í röð. Í þriðja sæti lento þeir Bogi Benediktsson og Sæmundur Ragnarsson, báðir úr Þórshamri.

Í úrslitum í kumite senior karla mættust sömu aðilar og í fyrra þeir Loni Boulesnane frá Frakklandi og Bryan van Waesberghe frá Belgíu, en þeir eru í 11. og 22. sæti á heimslista WKF í kumite karla +84kg. Bardaginn var mjög fjörugur og mikið um stigaskor. Bardaginn endaði með því að Loni sigraði 8-5 og vann því mótið þriðja árið í röð. Í þriðja sæti urðu þeir Ólafur Engilbert Árnason og Elías Guðni Guðnason, báðir úr Fylki.

Í kumite senior kvenna mættust Alizee Agier frá Frakkland, núverandi heimsmeistari kvenna í kumite -68kg og svo Gitte Brunstad frá Noregi, silfurverðlaunahafi í kumite kvenna -68kg frá síðasta heimsmeistaramóti auk þess að vera norðurlandameistari. Í fyrri umferðum höfðu þær lagt af velli landsliðskonurnar okkar þær Telmu Rut Frímannsdóttur og Maríu Helgu Guðmundsdóttur, sem enduðu í 3ja sætið í floknum. Bardaginn á milli Alizee og Gittu var kröftugur frá byrjun og skiptust þær á að sækja, Gitte var með frumkvæðið allan bardagann og fór svo að hún landaði sigri 4-2. Var það mat viðstaddir að þessi viðureign hafi veröld sú besta sem sést hefur hér á landi.

## Karatesamband Íslands

Fyr um daginn var svo keppt í yngri flokkum og helstu sigurvegarar voru;

**Kata Youth kvenna;** Ronja Halldórsdóttir, KFR

**Kata Youth karla;** Tómas Pálmar Tómsson, Breiðablik

**Kata cadet kvenna;** Sigríður Hagalín Pétursdóttir, KFR

**Kata cadet Karla;** Viktor Steinn Sighvatsson, Fjölnir

**Kata Junior kvenna;** Laufey Lind Sigþórsdóttir, Breiðablik

**Kata Junior karla;** Aron Anh Ky Huynh, ÍR

**Kumite youth kvenna;** Embla Kjartansdottir, Fylkir

**Kumite youth -55 kg kk ;** Gabriel Andri Guðmundsson, Fylkir

**Kumite youth +55 kg karla;** Máni Hákonarson, UMFA

**Kumite cadet kvenna;** Iveta Ivanova, Fylkir

**Kumite cadet karla;** Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, Fylkir

**Kumite junior kvk;** Katrín Ingunn Björnsdóttir, Fylkir

**Kumite junior karla;** Máni Karl Guðmundsson, Fylkir

Á meðfylgjandi mynd má sjá sigurvegara í senoir flokki, frá vinstri Lonni Boulesnane, Gitte Brunstad, Svana Katla Þorsteinsdóttir og Elías Snorrason. Ljósmyndari er Þorsteinn Yngvi Guðmundsson.

Auk þess er mynd af sigurvegurum í yngri flokkum. Ljósmyndari er Þorsteinn Yngvi Guðmundsson.

### **Kata Youth kvenna**

1.	Ronja Halldorsdottir	KFR
2.	Kristrun Bara Guðjónsdóttir	KAK
3.	Hjörðís Helga Þóra gísdóttir	Haukar
3.	Kamila Buražležska	ÍR

### **Kata Youth karla**

1.	Tómas Pálmar Tómsson	Breiðablik
2.	Máni Hákonarson	UMFA
3.	Þórður Þórkull Henrysson	UMFA
3.	Matthías Eyfjörð	UMFA

### **Kata cadet kvenna**

1.	Sigríður Hagalín Pétursdóttir	KFR
2.	Azia Sól Adamsdóttir	Þórshamar
3.	Freyja Benediktsdóttir	Breiðablik
3.	Móey María Sigþórsdóttir	Breiðablik

### **Kata cadet Karla**

1.	Víktor Steinn Sighvatsson	Fjölnir
2.	Aron Bjarkason	Þórshamar
3.	Kári Steinn Benediktsson	Þórshamar
3.	Þórhannes Felið Þórhannesson	Breiðablik

### **Kata Junior kvenna**

1.	Laufey Lind Sigþórsdóttir	Breiðablik
2.	Arna Katrín Kristinnsdóttir	Breiðablik
3.	Hera María Þakobsen	Breiðablik

### **Kata Junior karla**

1.	Aron Anh Ky Huynh	ÍR
----	-------------------	----

## Karatesamband Íslands

2.	Matthías B Montazeri	ÍR
3.	Arnar Þólússon	KFR
<b>Kata senior kvenna</b>		
1.	Svana katla Þorsteinsdóttir	Breiðablik
2.	Laufey Lind Sigþórsdóttir	Breiðablik
3.	Maria Helga Guðmundsdóttir	Þórshamar
3.	Hera María Þakobsson	Breiðablik
<b>Kata senior karla</b>		
1.	Elías Snorrason	KFR
2.	Sverrir Magnússon	KFR
3.	Bogi Benediktsson	Þórshamar
3.	Sæmundur Ragnarsson	Þórshamar
<b>Kumite youth kvenna</b>		
1.	Embla Kjartansdottir	Fylkir
2.	Lóa Björg Finnsdottir	Fylkir
3.	Kamilla Buraðzéðska	ÍR

## *Íslandsmeistaramót unglings í kata Breiðablik laugardaginn 20.febrúar*

Íslandsmeistaramót unglings í kata fór fram í dag í Smáranum, Kópavogi, í umsjón Karatedeild Breiðabliks. Mjög góð þátttaka var á mótinu yfir 120 einstaklingar og 25 lið mættu frá 11 félögum sem er aukning frá fyrrí árum. Keppt var í 10 einstaklingsflokkum stráka og stelpna ásamt 3 flokkum í sveitakeppni. Í elstu aldursflokkunum keppti flest okkar yngra landsliðsfólk í kata, enda eru þau að fara á tvö sterk erlend móti á næstunni, opið sánskt katamót í Stokkhólmi í mars og Norðurlandameistaramót í Danmörku 9.apríl.

# Karatesamband Íslands



Þrír einstaklingar stóðu uppi sem tvöfaldir meistarar í dag, unnu einstaklingsflokkar sína sem og voru í sigurliðum í hópkata, þetta eru Tómas Pálmar Tómasson, Daníel Dagur Bogason og Arna Katrín Kristinsdóttir, öll úr Breiðablik. Þegar heildarstigin höfðu verið talin þá stóð Breiðablik uppi sem sigurvegari með 31 stig og er því Íslandsmeistari unglings 8. árið í röð. Mótsstjóri var María Jنسen og yfirdómari var Helgi Jóhannesson.

## KATA

### Kata piltar 12 ára

1. Tómas Pálmar Tómasson
2. Gústaf Karel Karlsson
3. Arnór Már Atlason
3. Alexander K benediktsson

Breiðablik  
Fjölni  
Fjölni  
ÍR

### Kata stúlkur 12 ára

1. Ronja Halldórsdóttir
2. Ísabella Rut Davíðsdóttir
3. Oddný Þórarinsdóttir
3. Sóley Eva Magnúsdóttir

KFR  
KFR  
UMFA  
KFA

### Kata piltar 13 ára

1. Daníel Dagur Bogason
2. Kristófer L Bjarnason
3. Tómas Aron Gíslason
3. Tómas Nói

Breiðablik  
ÍR  
Breiðablik  
Víking

### Kata stúlkur 13 ára

1. Kristrún Bára Guðjónsdóttir
2. Freyja Rósinkrans Bing
3. Salma EL Massoudi
3. Björk Rósinkrans Bing

KAK  
Þórshamar  
ÍR  
Þórshamar

### Kata piltar 14 ára

1. Michael C Már Davíðsson
2. Omar Mohamed Hani
3. Matthías Eyfjörð
3. Máni Hákonarson

KFR  
Þórshamar  
UMFA  
UMFA

## Karatesamband Íslands

### **Kata stúlkur 14 ára**

1.	Kamila Buraczewska	ÍR
2.	Freyja Stígsdóttir	Þórshamar
3.	Kristjana Lind Ólafsdóttir	Þórshamar
3.	Aninika Singh	Haukar

### **Kata piltar 15 ára**

1.	Viktor Steinn Sighvatsson	Fjölni
2.	Aron Bjarkason	þórshamri
3.	Óttar Finnsson	Fjölni
3.	Andri Már Tómasson	Breiðablik

### **Kata stúlkur 15 ára**

1.	Sigríður Hagalín Pétursdóttir	KFR
2.	Freyja Benediktsdóttir	Breiðablik
3.	Móey María Sigþórsdóttir	Breiðablik
3.	Rakel Reynisdóttir	KFA

### **Kata piltar 16-17 ára**

1.	Aron Anh Ky Huyng	ÍR
2.	Matthías B Montazeri	ÍR
3.	Guðjón Jósefsson	KFR
3.	Arnar Júlíusson	KFV

### **Kata stúlkur 16-17 ára**

1.	Arna Katrín Kristinsdóttir	Breiðablik
2.	Laufey Lind Sigórssdóttir	Breiðablik
3.	Azia Sól Adamsdóttir	Þórshamar
3.	Hera María Jacobsson	Breiðablik

## **HÓPKATA**

### **Hópkata tánинга 12 og 13 ára**

1.	Tómas Pálmar, Daníel Dagur, Tómas Aron	Breiðablik
2.	Stefán, Hannes, Róbert	Þórshamar
3.	Kristrún Bára, Ólafur, Kristinn	KAK
3.	Arnór, Hákon, Óttarr	Fjölnir

### **Hópkata tánинга 14 og 15 ára**

1.	Helga Björg, Omar, Aron	Þórshamar
2.	Matthías, Máni, Þróður	UMFA
3.	Andri Már, Freyja, Vildís	Breiðablik
3.	Kristjana, Freyja, Filippía	Þórshamar

### **Hópkata tánинга 16 og 17 ára**

1.	Arna Katrín, Laufey Lind, Móey María	Breiðablik
2	Azia Sól, Jóna Gréta, Ólöf Soffía	Þórshamar
3	Aron Anh, Matthías, Kamilla	ÍR
	Eiður Andri, Guðbjörg Birta, Amalía Sif	KAK

### **Heildarstig**

**Breiðablik** 31

**Þórshamar** 27

**ÍR** 14

**KFR** 12

**Fjölnir** 9

**KAK** 7

**Afturelding** 7

**Akureyri** 2

**KFV** 1

**Víkingur** 1

**Haukar** 1

## **Íslandsmeistaramót barna í kata**

### **Breiðablik laugardaginn 20.febrúar**

Seinna um daginn fór svo fram Íslandsmeistara barna í kata. Um 130 krakkar og 30 lið mættu til leiks. Þegar uppi var staðið varð Karatefélag Reykjavíkur Íslandsmeistari félaga með 23 stig. Mótsstjóri var María Jenssen og yfirdómari var Helgi Jóhannesson.



### Kata barna 8 ára og yngri

1.	Milija Pusic	Þórshamar
2.	Jakub Kobiela	ÍR
3.	Adam Ómar Ómarsson	ÍR
3.	Vilhjálmur Gunnar Siggeirsson	Víkingur

### Kata barna 9 ára

1.	Úlfur Kári Ágeirsson	KFR
2.	Flóki Kjartansson Narby	Þórshamar
3.	Mikael Gíslí Finnsson	KFA
3.	Alexander Svanur Eiríksson	KFR

### Kata krakka 10 ára

1.	Anna Halina Koziel	KFR
2.	Björn Breki Halldórsson	KFR
3.	Nökkvi Benediktsson	KFR
3.	Ugne Sarkaite	ÍR

### Kata krakka 11 ára

1.	Chayma Rín hani	Þórshamar
2.	Róbért Dennis Solomon	Breiðablik
3.	Svava Kristín Valfells	Þórshamar
3.	Hugi Halldórssón	KFR

### Hópkata barna 9 ára og yngri

1.	Daði Úlfur Alexander	KFR
2.	Aron Milija Flóki	Þórshamar A
3.	Adam Júlía Lena	ÍR
3.	Mia, Francis, Karen	ÍR A

### Hópkata barna 10-11 ára

1.	Nökkvi Björn Aron	KFR A
2.	Daniel Agatha Ugne	ÍR A
3.	Cheyma, Viktoría Svava	Þórshamar C
3.	Einar Salka Róbért	Breiðablik A

### Heildarstig

#### Heildarstig félaga

KFR	23
Þórshamar	15
IR	13
Breiðablik	4
Víkingur	1
Akureyri	1
Fjölnir	0

## Karatesamband Íslands

Afturelding	0
KFV	0
Akranes	0
Haukar	0

## Íslandsmeistaramót fullorðinna í kata



Laugardaginn 5.mars, fór fram Íslandsmeistaramót fullorðinna í kata. Mótið var haldið í íþróttahúsi Hagaskóla í umsjón karatefélagsins Þórshamars. Góð mæting var á mótinu, um 25 keppendur auk 5 hópkataliða frá 5 félögum voru skráð til leiks, þar af allt landsliðsfólkið okkar í kata. Allir Íslandsmeistararnir frá því í fyrra mættu til að verja titla sína. Í kata karla mættust í úrslitum, annað árið í röð, þeir Elías Snorrason úr KFR og Bogi Benediktsson úr Þórshamri. Báðir höfðu sýnt frábærar kata í undankeppninni og unnið alla sína andstæðinga svo ljóst var að það stefndi í spennandi og harðri keppni á milli þeirra. Elías framkvæmdi kata sem heitir Suparinpei á móti kata hjá Boga sem heitir Sochin, svo fór að Elías vann viðureignina og varð því Íslandsmeistari í kata karla annað árið í röð. Er þetta í fjórða sinn sem Elías verður Íslandsmeistari. Hópkatalið Þórshamar var mætt til að verja titil sinn síðan í fyrra og unnu þeir Bogi Benediktsson, Sæmundur Ragnarsson og Ásmundur Ísak Jónsson félaga sína í Þórshamri í úrslitum.

Í kvennaflokki var spennan ekki síðri þar sem allar landsliðskonur okkar voru mættar sem og unglingslandsliðið sem var komið með keppnisrétt á mótinu. Í úrslitum áttust við sömu landsliðskonurnar og síðustu 3 ár þær Kristín Magnúsdóttir og Svana Katla Þorsteinsdóttir, báðar úr Breiðablik. Þær stöllur hafa reyndar ást við í mörg ár, allt frá unglingsárum. Svana Katla sýndi kata Anan og Kristín kata Empi. Báðar tvær sýndu frábæra útfærsla á þessum kata og stóð Svana Katla uppi sem sigurvegari annað árið í röð. Þær stöllur Svana Katla og Kristín ásamt Örnú Katrínu Kristinsdóttur unnu svo hópkata kvenna og vörðu þar með titil sinn síðan í fyrra, er þetta 5.árið í röð sem sveit Breiðabliks með þeim Kristínu og Svönu vinnur hópkata kvenna. Svana Katla er því tvöfaldur Íslandsmeistari í kata.

Þegar öll stigin voru tekin saman stóð karatefélagið Þórshamar uppi sem sigurvegari með 19 stig og er því Íslandsmeistari félaga í kata fullorðinna. Mótsstjóri var Valgerður H. Sigurðardóttir og yfirdómari Helgi Jóhannesson.

Næstu verkefni landsliðsfólks okkar í kata er sterkt sænskt katamót 12.mars og Norðurlandameistaramótið sem haldið verður í Danmörku 9.apríl næstkomandi.

## Úrslit dagsins

### Kata kvenna

- 1.Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik
- 2.Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik
- 3.Laufey Lind Sigþórsdóttir, Breiðablik
- 3.María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamar

### Kata karla

- 1.Elías Snorrason, KFR
- 2.Bogi Benediktsson, Þórshamar
- 3.Arnar Júlíusson, KFV
- 3.Aron Anh Ky Huynh, ÍR

### Hópkata kvenna

- 1.Breiðablik, Arna Katrín, Kristín, Svana Katla
- 2.Þórshamar, Diljá, Edda, María Helga
- 3.Þórshamar, Ólöf Azia, Jóna

### Hópkata karla

- 1.Þórshamar, Bogi, Sæmundur, Ásmundur Ísak
- 2.Þórshamar, Birkir, Brynjar, Jónas

### Heildarstig félaga

- 1.Þórshamar, 19 stig
- 2.Breiðablik, 12 stig
- 3.KFR, 3 stig

Á efri myndinni má sjá Svönu og Elías með verðlaun sín. Á seinni myndinni má sjá alla Íslandsmeistara dagsins, frá vinstri Bogi, Ásmundur Ísak, Sæmundur, Arna Katrín, Kristín, Svana og Elías.

## Bikarmót 3 2015-2016

### Dalhúsum, 23.apríl 2016

#### KATA

##### Kata karla

1.	Elías Snorrason	KFR
2.	Aron Anh Ky Huynh	ÍR
3.	Sæmundur Ragnarsson	Þórshamri
3.	Arnar Júlíusson	KFV
5.-6.	Máni Karl Guðmundsson	Fylkir
5.-6.	Ólafur Engilbert Árnason	Fylkir

##### Kata kvenna

1.	Svana Katla Þorsteinsdóttir	Breiðablik
2.	María Helga guðmundsdóttir	Þórshamar
3.	Arna Katrín Kristinnsdóttir	Breiðablik
3	Hera María Þaðobssen	Breiðablik

## Karatesamband Íslands

5-6. Laufey Lind Sigþórsson Breiðablik

### **KUMITE**

#### **Kumite karla**

1.	Ólafur Engilbert Árnason	Fylkir
2.	Máni Karl Guðmundsson	Fylkir
3.	Sæmundur Ragnarsson	Þórshamar
3.	Aron Anh Ky Huyn	ÍR
5.-6.	Þorsteinn Freygarðsson	Fylkir
5.-6.		

#### **Kumite kvenna**

1.	Telma Rut Frímansdóttur	UMFA
2.	Azia Sól Adamsdóttir	Þórshamar
3.	Arna Katrín Kristinsdóttir	Breiðablik
3.	María Helga Guðmundsdóttir	Þórshamar
5-6.	Svana Katla Þorsteinsdóttir	Breiðablik
5-6.	Hekla halldórsdóttir	Fylkir

## ***Bushidomót 3 2015-2016***

Dalhús 23.apríl 1016

### **KATA**

#### **Kata 12 ára barna fædd 2003**

1.	Daníel Dagur Bogason	Breiðablik
2.	Kristrún Bára Guðjónsdóttir	kak
3.	Tómas Nói	Vikingur
3.	Kristófer Logi Bjarkason	ÍR
5.-6.	Andrés Björgvinsson	UMFA

#### **Kata 13 ára táníngar fædd 2002**

1.	Michael Már Davíðsson	KFR
2.	Þórður Jökull Henrysson	UFMA
3.	Kamila Buracewska	ÍR
3.	Omar Mohamed	Þórshamar
5.-6.	Elías Þór Traustason	Breiðablik
5.-6.	Elín Björg Arnardóttir	UMFA

#### **Kata 14 ára táníngar fædd 2001**

1.	Sigríður Hagalín Péturnsdóttir	KFR
2.	Aron Bjarkason	Þórshamri
3.	Víktor Steinn Sighvatsson	Fjölni
3.	Óttar Finnsson	Fjölni
5.-6.	Amália Sif Jessen	Kak
5.-6.	Rakel Reynisdóttir	Akureyri

#### **Kata 15 ára táníngar fædd 2000**

1.	Mary Jane Rafael	ÍR
2.	Azia Sól Adamsdóttir	Þórshamar
3.	Jóhannes Felix Jóhannesson	Breiðablik
3.	Valdís Ósk Árnadóttir	UMFA
5.-6.	Guðbjörg Birta Sigurðardóttir	KAK
5.-6.	Jakob Hermannsson	Fjölnir

#### **Kata 16-17 ára unglings fædd 1998 - 1999**

1.	Laufey Lind Sigþórsdóttir	Breiðablik
2.	Arna Katrín Kristinsdóttir	Breiðablik
3.	Aron Anh Ky Huyn	ÍR
3.	Arnar Júlíusson	KFV
5.-6.	Eiður Andri Guðlaugsson	KAK
5.-6.	Árni Hafstað Arnórsson	Þórshamar

### **KUMITE**

# Karatesamband Íslands

## **Kumite drengja 12-13 ára f. 2003-2002 45 mínus**

1.	Omar Mohamed	Þórshamri
2.	Michael Már Davíðsson	KFR
3.	Samuel Josh	Fylkir
3.	Gabriel Andri Guðmundsson	Fylkir
5.-6.	Elías Moussa Adamsson	Þórshamri
5.-6.	Arnar Órn G Arnarsson	Akureyri

## **Kumite drengja 12-13 ára f. 2003-2002 45 plús**

1.	Hrannar Ingi Arnason	Fylkir
2.	Máni Hákonarson	UMFA
3.	Þórður Jökull Henrysson	UMFA
3.	Baldur Sverrisson	Fjölni
5.-6.	Gunnar Ingvi Gunnarsson	Haukar
5.-6.	Máni Hrafn Stefánsson	Haukar

## **Kumite pilta 14-15 2000-2001**

1.	Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson	Fylkir
2.	Aron Bjarkason	Þórshamri
3.	Mikael Máni Vidal	Fjölni
3.	Jakob Hermansson	Fjölni
5.-6.	Óttar Snær Yngvason	Þórshamri

## **Kumite pilta 16 og 17 ára fæddir 1998-1999**

1.	Máni Karl Guðmundsson	Fylkir
2.	Þorsteinn Freygarðsson	Fylkir
3.	Matthías B Montazeri	ÍR

## **Kumite telpna 12 og 13 ára fæddar 2003 - 2002**

1.	Lóa Björg Finnsdóttir	Fylkir
2.	Embla Kjartansdóttir	Fylkir
3.	Eva Líney Reykdal	KFA
3.	Elín Björg Arnardóttir	UMFA
5.-6.	Kamila Buruczevska	ÍR

## **Kumite stúlkna 14 og 15 ára fæddar 2000 - 2001**

1.	Ivetta Ivanova	Fylkir
2.	Azia Sól Adamsdóttir	Þórshamar
3.	Móey María Sigþórsdóttir	Breiðablik
3.	Rán Ægisdóttir	Fjölnir

## **Kumite stúlkna 16 og 17 ára fæddar 1998-1999**

1.	Arna Katrín Kristinsdóttir	Breiðablik
2.	Katrín Ingunn Björnsdóttir	Fylkir
3.	Hekla Halldórsdóttir	Fylkir

## **Bikarmót 1 2016 - 2017**

Fyrsta bikarmót vetrarins var haldið laugardaginn 1.október í Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja í umsjón Karatefélags Vestmannaeyjar. Þetta er fyrsta móti sem Karatesambandi Íslands heldur fyrir utan suðvesturhorn landsins í yfir 20 ár. Góð mæting var á mótið þar sem bæði er keppt í kata og kumite, veitt eru stig fyrir efstu sætin í hvorri keppnisgrein fyrir sig og stigahæsti einstaklingurinn eftir 3 móti verður svo Bikarmeistari ársins.

Í kata karla sigraði Elías Snorrason, KFR og Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik, sigraði í kata kvenna. Í kumite karla sigraði Máni Karl Guðmundsson, Fylki, og í kumite kvenna sigraði Telma Rut Frímannsdóttir

# Karatesamband Íslands

Helstu úrslit dagsins voru

Kata Karla

1. Elías Snorrason KFR
2. Aron Breki Heiðarsson Breiðablik
3. Sæmundur Ragnarsson Þórshamar
3. Matthías Bijan Montazeri ÍR

Kata kvenna

1. Svana Katla Þorsteinsd. Breiðablik
2. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik
3. María Helga Guðmundsdóttir Þórshamri
3. Laufey Lind Sigþórsdóttir Breiðablik

Kumite karla

1. Máni Karl Guðmundsson Fylkir
2. Ólafur Engilbert Árnason Fylkir
3. Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson Fylkir
3. Sæmundur Ragnarsson Þórshamri

Kumite kvenna

1. Telma Rut Frímansdóttir UMFA
2. Katrín Björnsdóttir Fylkir
3. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik
3. María Helga Guðmundsdóttir Þórshamri

## Bushidomót 1 2016-2017

### Vestmannaeyjum KFV

#### KATA

##### Kata 12-13 ára drengja

- |       |                                 |
|-------|---------------------------------|
| 1.    | Tómas Pálmar Tómasson           |
| 2.    | Arnór Már Atlason               |
| 3.    | Daniel Dagur Bogason            |
| 3.    | Alexander Bendtsen              |
| 5.-6. | Mikael Magnússon                |
| 5.-6. | Hannes Hermann Magnússon Mahong |

##### Stig

Breiðablik	1
Fjölni	2
Breiðablik	6
ÍR	6
KFV	3
Þórshamar	3

##### Kata 12-13 ára stúlkna

- |    |                             |
|----|-----------------------------|
| 1. | Kristrún Bára Guðjónsdóttir |
| 2. | Ronja Halldórsdóttir        |
| 3. | Ísabella Rut Davíðsdóttir   |
| 3. | Sigrún Benediktsdóttir      |

##### Stig

KAK	1
KFR	2
KFR	6
Þórshamar	6

##### Kata 14-15 ára pilta

- |    |                         |
|----|-------------------------|
| 1. | Aron Bjarkason          |
| 2. | Michael C Már Davíðsson |
| 3. | Omar Mohamed Hani       |
| 3. | Máni Hákonarson         |

##### Stig

Þórshamar	1
KFR	2
Þórshamar	6
UMFA	5

Karatesamband Íslands			
5.-6.	Matthías Eyfjörð	UMFA	3
5.-6.	Þórarinn Jóhannsson	KFV	
<b>Kata 14-15 ára stúlkna</b>			
1.	Sigríður Hagalín Pétursdóttir	Stig	
2.	Helga Björg Óladóttir	KFR	1
3.	Móey María Sigþórsdóttir	Þórshamri	2
3.	Amalia Sif Jessen	Breiðablik	6
5.-6.	Kristjana Lind Óladóttir	KAK	6
5.-6.	Vildís Edwinsdóttir	Þórshamri	3
		Breiðablik	3
<b>Kata 16-17 ára piltna</b>			
1.	Aron Anh Ky Huynh	Stig	
2.	Matthías B Montazeri	ÍR	1
3.	Eiður Andri Guðlaugsson	ÍR	2
3.	Arnar Júlíusson	KAK	6
5.	Jóhannes Felix Jóhannesson	KFV	6
		Breiðablik	3
<b>Kata 16-17 ára stúlkna</b>			
1.	Laufey Lind Sigþórsdóttir	Stig	
2.	Arna Katrín Kristinsdóttir	Breiðablik	1
3.	Hera María Jacobsen	Breiðablik	2
		Breiðablik	6

## Íslandsmeistaramót unglings í kumite

Fylkissetrið 22.október 2016

**Keppandi Félag**

**Kumite drengja 12 ára -37kg**

1.	Bjarni Hrafnkelsson	Breiðablik
2.	Hákon Bjarnason	Fjölnir
3.	Stefán Franz Guðnason	Þórshamar

**Kumite drengja 12 ára +37kg**

1.	Arnór Ísfeld Snæbjörnsson	Fylkir
2.	Leszek Kisielewski	ÍR
3.	Óttarr Bergmann	Fjölnir
3.	Ómar M Adamsson	Þórshamar

**Kumite Pilta 13 ára -45kg**

1.	Gabréel Andri Guðmundsson	Fylkir
2.	Elías Moussa Adamsson	Þórshamar
3.	Tómas Nói Emilsson	ÍR
3.	Agnar Már	Þórshamar

**Kumite Pilta 13 ára +45kg**

1.	Samuel Josh Ramos	Fylkir
2.	Sölví Santos	Breiðablik
3.	Tómas Aron Gíslason	Breiðablik
3.	Sveinn Logi Birgisson	ÍR

**Kumite pilta 14-15 ára -63kg**

1	Aron Bjarkason	Þórshamar
2	Óttar Finnsson	Fjölnir
3	Michael Már Davíðsson	KFR
3	Hrannar Arnarsson	Fylki

**Kumite pilta 14-15 ára +63kg**

1	Þórður Jökull Henryson	UMFA
2	Gunnar Ingi Ingvason	Haukar
3	Samúel Hafsteinsson	Fylkir
3	Máni Hrafn Stefánsson	Haukar

**Kumite Pilta 16-17 ára -68kg**

1.	Aron Anh Ky Huynh	ÍR
2.	Matthías Montazeri	ÍR
3.	Jóhannes Felix Jóhannesson	Breiðablik
3.	Óttar Snær Yngvason	Þórshamar

## Íslandsmeistaramót fullorðinna í kumite



Í dag fór Íslandsmeistaramót fullorðinna í kumite fram í Fylkisselinu, húsnæði Karatedeildar Fylkis. Keppendur frá 6 félögum voru skráðir til leiks og var þátttakan góð. Margar mjög skemmtilegar viðureignir sáust í dag en heilt yfir þá var maður mótsins án efa Máni Karl Guðmundsson, úr Fylki, sem varð tvöfaldur Íslandsmeistari, eftir að hafa unnið opna flokkinn og -67kg flokkinn. Í úrslitum í opna flokkinn þá mætti Máni Ólafi Engilbert Árnasyni sem vann einmitt opna flokkinn fyrir ári síðan. Máni hafði yfirlöndina mestan part viðureignarinnar og var kominn í 3-0 þegar 2 sekúndur voru eftir en þá náði Ólafur flottu ura mawashi geri í höfuð Mána og fékk fyrir það 3 stig. Þar sem jafnt var eftir venjulegan tíma þá kom til dómaraúrskurðar og var Mána Karl dæmdur sigur og því nýr Íslandsmeistari í opnum flokki karla. Þetta er í fyrsta sinn sem Máni Karl má keppa í opnum flokki þar sem hann varð 18 ára í sumar. Í -67kg flokki þá mætti Máni Karl Aroni Anh Huynh úr ÍR í skemmtilegri viðureign þar sem Máni Karl vann 5-1, enda fór hann ósigaður í gegnum mótið. Þetta er 3ja árið í röð sem Máni Karl vinnur -67kg flokkinn. Í -75kg flokki sigraði Ólafur Engilbert Árnason eftir að hafa lagt Sæmund Ragnarsson, Þórshamri, 1-0 í úrslitum. En þetta er annað árið í röð sem þeir tveir mætast í úrslitum. Í +84kg flokki áttust við í úrslitum félagarnir úr Fylki þeir Jóhannes Gauti Óttarson og Elías Guðni Guðnason. Jóhannes hafði betur 2-1 og stóð uppi sem sigurvegari í floknum.

Í kvennaflokkum var spennan ekki síðri og í úrslitum í opnum flokki mættust þær Katrín Ingunn Björnsdóttir úr Fylki og Telma Rut Frímannsdóttir sem hafði sigrað flokkinn 6 ár í röð. Bardaginn var fjörugur og jafn, endaði 2-2 og því kom til dómaraúrskurðar þar sem Katrínu var dæmdur sigur og er hún því nýr Íslandsmeistari í opnum flokki kvenna á sínu fyrsta ári sem hún má keppa í floknum. Í -61kg flokki þá vann María Helga Guðmundsdóttir báða andstæðinga sína þar sem keppt var eftir fyrrkomulagi „allir á móti öllum“. Í +61kg flokki þá mættust þær Katrín og Telma í annað sinn en Telma hafði betur í þessum flokk 2-0 og varð því Íslandsmeistari í +61kg flokki 4 árið í röð

Þegar öll stig voru talin saman þá stóð Fylkir uppi sem sigurvegari og er því Íslandsmeistari félaga í kumite fullorðinna en Þórshamar var í öðru sæti. Yfirdómari mótsins var Pétur Ragnarsson og mótsstjóri var María Baldursdóttir.



### Íslandsmeistarar í kumite fullorðinna

María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamar, Kumite kvenna -61kg

Telma Rut Frímannsdóttir, Afturelding, Kumite kvenna +61kg

Katrín Ingunn Björnsdóttir, Fylkir, Kumite kvenna opinn flokkur

Máni Karl Guðmundsson, Fylkir, Kumite karla -67kg

Ólafur Engilbert Árnason, Fylkir, Kumite karla -75kg

Jóhannes Gauti Óttarsson, Fylkir, Kumite karla +84kg

Máni Karl Guðmundsson, Fylki, Kumite karla opinn flokkur

Helstu úrslit í dag

#### Kumite kvenna, -61 kg.

1. María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamar

2. Hekla Halldórsdóttir, Fylkir

3. Azia Sól Adamsdóttir, Þórshamar

#### Kumite kvenna, +61 kg

1. Telma Rut Frímannsdóttir, UMFA

2. Katrín Ingunn Björnsdóttir, Fylkir

3. Arna Katrín Kristinsdóttir, Breiðablik

3. Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik

#### Kumite kvenna, opinn flokkur

1. Katrín Ingunn Björnsdóttir, Fylkir

2. Telma Rut Frímannsdóttir, UMFA

3. María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamar

3. Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik

#### Kumite karla, -67 kg

1. Máni Karl Guðmundsson, Fylkir

2. Aron Anh Ky Huynh, ÍR

3. Matthias Montazeri, ÍR

3. Óttar Snær Yngvason, Þórshamar

# Karatesamband Íslands

## **Kumite karla, -75 kg**

1. Ólafur Engilbert Árnason, Fylkir
2. Sæmundur Ragnarsson, Þórshamar
3. Máni Vídal, Fjölnir
3. Kári Steinn Bendiktsson, Þórshamar

## **Kumite karla, +84 kg**

1. Jóhannes Gauti Óttarsson, Fylkir
2. Elías Guðni Guðnason, Fylkir
3. Þorsteinn Freygarðsson, Fylkir
3. Drengur Arnar Kristjánsson, Fjölnir

## **Kumite karla, opinn flokkur**

1. Máni Karl Guðmundsson, Fylkir
2. Ólafur Engilbert Árnason, Fylkir
3. Jóhannes Gauti Óttarsson, Fylkir
3. Elías Guðni Guðnason, Fylkir

## **Heildarstig**

Fylkir	26
Þórshamar	9
UMFA	5
Breiðablik	3
ÍR	3
Fjölnir	2

# KARATEDÓMARAR Á ÍSLANDI.

Öll dómararéttindi gilda í þrjú ár en halda verður þeim við með því að sækja námskeið og dæma reglulega á mótum á vegum KAÍ.

Félag	Nafn	Kumite réttindi	Tekin	Kata réttindi	Tekin
Afturelding	Telma Rut Frímannsdóttir	B-meðdómari	10.2016	—	—
Breiðablik	Aðalheiður Rósa Harðardóttir	—	—	A-dómari	02.2012
Breiðablik	Arna Katrín Kristinsdóttir	—	—	B-dómari	02.2016
Breiðablik	Arnar Freyr Nikulásson	A-meðdómari	10.2016	B-dómari	02.2016
Breiðablik	Aron Breki Heiðarsson	—	—	B-dómari	02.2016
Breiðablik	Davíð Freyr Guðjónsson	B-meðdómari	03.2014	—	—
Breiðablik	Helgi Jóhannesson	EKF Referee-A	03.2015	EKF Judge-A	03.2015
Breiðablik	Kristín Magnúsdóttir	B-meðdómari	10.2016	B-dómari	02.2016
Breiðablik	Ragnar Eyþórsson	B-Dómari	10.2016	—	—
Breiðablik	Svana Katla Þorsteinsdóttir	B-meðdómari	10.2016	B-dómari	02.2013
Breiðablik	Ögmundur Albertsson	—	—	B-dómari	02.2016
Fjölnir	Hörður Ingi Árnason	B-meðdómari	11.2012	B-dómari	02.2013
Fjölnir	Snæbjörn Willemsen Verheul	B-meðdómari	03.2014	B-dómari	02.2013
Fylkir	Elías Guðni Guðnason	B-meðdómari	09.2015	—	—
Fylkir	Guðni Hrafn Pétursson	B-meðdómari	10.2013	—	—
Fylkir	Guðni Már Egilsson	B – Dómari	10.2014	B-dómari	02.2012
Fylkir	Pétur Freyr Ragnarsson	Nordic Referee	04.2014	Nordic Judge	04.2015
Haukar	Kristján Ó. Davíðsson	Nordic Referee	04.2016	Nordic Judge	04.2015
Haukar	Sigurbjörn Jónsson	A-meðdómari	10.2012	A-dómari	02.2013
ÍR	Kristján Helgi Carrasco	B-meðdómari	10.2012	B-dómari	02.2012
KAK	Eydís Líndal Finn bogadóttir	—	—	A-dómari	02.2012
KFR	Elías Snorrason	A-meðdómari	10.2016	A-dómari	02.2016
KFR	Ólafur H. Hreinsson	Nordic Referee	04.2012	Nordic Judge	04.2012
KFR	Reinharð Reinharðsson	Karatedómari	10.2012	Karatedómari	02.2015
KFV	Ævar Austfjörð	—	—	B-dómari	02.2015
Þórshamar	Birkir Jónsson	A-meðdómari	04.2010	B-dómari	01.2010
Þórshamar	Bogi Benediktsson	—	—	A-dómari	02.2016
Þórshamar	Brynjar M. Ólafsson	B-meðdómari	10.2014	B-dómari	02.2015
Þórshamar	Halldór Pálsson	A-meðdómari	10.2014	A-dómari	02.2015
Þórshamar	Kári Steinn Benediktsson	—	—	B-dómari	02.2016
Þórshamar	Maria Helga Guðmundsdóttir	A-meðdómari	11.2015	A-dómari	02.2015
Þórshamar	Ólöf Soffía Eðvarsdóttir	—	—	B-dómari	02.2016
Þórshamar	Óttar Snær Yngvason	—	—	B-dómari	02.2016
Þórshamar	Sæmundur Ragnarsson	B-meðdómari	09.2015	B-dómari	02.2016

## LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS.

1. gr. Karatesamband Íslands (KAÍ) er æðsti aðili um öll karatemál innan végbanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).
2. gr. Karatesamband Íslands er samband héraðssambanda, sem hafa iðkun karate innan sinna végbanda.
3. gr. Starf KAÍ er í meginatriðum:
  - a) Að hafa yfirumsjón allra íslenskra karatemála.
  - b) Að vinna að eflingu karateþróttarinnar í landinu og koma fram erlendis fyrir hönd hennar.
4. gr. Málefnum KAÍ stjórna:

- a) Karateþing.
- b) Stjórn KAÍ.

5. gr. Karateþing fer með æðsta vald í málefnum KAÍ. Þingið sitja fulltúar frá þeim aðilum, sem mynda KAÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra iðkenda karate í aðildarfélögum, þannig að fyrir allt að 25 menn koma 2 fulltúar og síðan tveir í viðbót fyrir næstu 25 eða brot úr 25 upp í allt að 75 iðkendum og þá 1 fulltúi fyrir næstu 25 eða brot úr 25 upp í 100 iðkendur, en síðan 1 fulltrúi fyrir næstu 50 eða brot úr 50 upp í 200, en síðan 1 fyrir hverja hundrað eða brot úr hundrað upp í 500, en loks 1 fulltrúi fyrir hverja 200 eða brot úr 200 eftir það. Félög, sem ekki hafa skráða iðkendur fá 2 fulltrúa á ársþingi ef vottorð frá viðkomandi héraðssambandi staðfestir að karate sé sannanlega iðkað í félagini, eða deild ef sams konar vottorð kemur frá félagsstjórninni. Hvert héraðssamband og íþróttabandalag, þar sem stundað er karate, á rétt á einum fulltrúa. Þingið skal árlega haldið í janúar eða febrúar. Skal boða það með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skal tilkynna stjórn KAÍ minnst 21 degi fyrir þingið. Þá skal stjórn KAÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 14 dögum fyrir þingið, sem síðara fundarboð. Karateþing er lögmætt ef löglega er til þess boðað.
6. gr. Á karateþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:
- a. Stjórn KAÍ, varastjórn og skoðunarmenn reikninga.
  - b. Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
  - c. Fastráðnir starfsmenn KAÍ og ÍSÍ.
  - d. Fulltrúar karatedómarafélaga.
  - e. Allir nefndarmenn KAÍ.
  - f. Auk þess getur stjórn KAÍ boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

Aðeins sá sem er í félagi sem hefur karateiðkun á stefnuskrá sinni innan héraðssambands er kjörgengur fulltrúi þess á karateþingi. Hver fulltrúi hefur aðeins 1 atkvæði.

Þegar langt eða dýrt er að sækja þingið, eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu frá því að sækja þingið, þá má heimila að fulltrúi fari með fleiri en 1 atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila, sérðaðs eða héraðssambands sem hann er fulltúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra aðila sem eiga heima þar sem þingið er háð. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila. Enginn þingfulltúi getur farið með fleiri en 2 atkvæði.

7. gr. Aukaþing má halda ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Boðunarrestur til aukaþings skal vera 2 vikur. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er láttinn, veikur eða fluttur úr héraðinu eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihlutí kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða er hætt störfum af öðrum sökum. Að öðru leiti gilda sömu reglur og um reglulegt karateþing.
8. gr. Störf karateþings eru:
1. Þingsetning.
  2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
  3. Kosnar fastar nefndir:

- a. Kjörbréfaneftnd.
- b. Fjárlaganefnd.
- c. Laga- og leikreglnanefnd.
- d. Allsherjarneftnd.
- e. Kjörneftnd.

Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
8. Lagðar fram aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.
9. Málum og tillögum vísað til nefnda til umfjöllunar.

- Þ I N G H L É -

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
11. Önnur mál.
12. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmenn reikninga.
13. Kjörnir 5 menn í aganefnd og 3 til vara.
14. Val fulltrúa á Íþróttáþing.
15. Þingslit.

Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa. Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál sem komið hafa fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv. 5. gr. 3. mgr.).

Árskýrslu KAÍ, sem stjórnin skal leggja fjörlitaða fyrir þingið, svo og ágrip af þinggerð þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum KAÍ innan tveggja mánaða frá þingslitum.

9. gr. Stjórn KAÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins á milli þinga. Stjórn KAÍ skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem skipta með sér störfum. Kjósa skal 3 menn í varastjórn og taka þeir sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og koma inn í sömu röð og þeir voru kosnir.

Stjórn KAÍ skal strax að loknu ársþingi skipa eftirtaldar nefndir:

Mótanefnd KAÍ og landsliðsnefnd KAÍ.

Hvor nefnd skal skipuð minnst þremur mönnum. Stjórn KAÍ skal boða formenn nefnda á stjórnarfund þegar þurfa þykir eða formenn nefnda óska þess. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnar er í Reykjavík. Reikningsár KAÍ miðast við almanaksárið.

10. gr. Starfssvið stjórnar KAÍ er:

- a) Að framkvæma ályktanir karateþings.
- b) Að vinna að eflingu karate í landinu.
- c) Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir karate.
- d) Að senda sambandsstjórn og framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- e) Að líta eftir því að lög og leikreglur KAÍ séu haldnar.
- f) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.

## Karatesamband Íslands

- g) Að raða niður og ákveða stað og tíma landsmóta. Það skal KAÍ að jafnaði gera fyrir hver áramót og þá í samráði við stórnir sérráða (héraðssstjórna) og framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- h) Að úthluta þeim styrkjum til karate sem KAÍ fær til umráða.
- i) Að koma fram erlendis fyrir hönd karateíþróttarinnar í landinu.
- j) Að tilkynna með hæfilegum fyrirvara framkvæmdastjórn ÍSÍ áætlanir sínar og ákvarðanir um samskipti við útlönd.

11. gr. Formaður KAÍ boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.
12. gr. Héraðssamböndin eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar KAÍ. Þau skulu og senda henni skýrslur um mótt sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánuðar eftir að mótinu lýkur. Ársskýrslur sínar um störf héraðssambands og tölu virkra karatemanna í umdæminu skulu þau senda stjórn KAÍ fyrir 1. júní ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaráréttur og fulltrúafjöldi þeirra á karateþingi. (sbr. 5. gr.).
13. gr. Dómsmál vegna málaferta KAÍ skulu rekin fyrir dómstólum ÍSÍ.
14. gr. Kærur skulu vera skriflegar og skal kæran eða tilkynning um hana hafa borist dómstól innan tveggja sólarhringa frá því að hið kærða atvik átti sér stað. Sé kæran póstlöögð skal það tilkynnt sérstaklega með staðfestu símskeyti. Dómfesta skal mál innan 7 daga frá því að kæra berst dómstól. Þá skal liggja fyrir rökstuðningur kæru, að öðrum kosti telst kæran ógild. Vísi dómstóll kæru frá vegna formgalla skal kærandi eiga þess kost að kæra að nýju innan tveggja sólarhringa frá því að honum er birtur úrskurðurinn. Úrskurðir og dómar dómstóls KAÍ skulu birtir í staðfestu símskeyti eða ábyrgðarbréfi.
15. gr. KAÍ skal, í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd, vinna að stofnun nýrra sérráða.
16. gr. Stjórn KAÍ hefur frjálsan aðgang að öllum karatemótum og sýningum sem fram fara innan vébanda KAÍ. Einnig á hún rétt að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssamband sem eru aðilar að sambandinu.
17. gr. Tillögur um að leggja KAÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu karateþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja KAÍ niður. Skal þá afhenda ÍSÍ eignir KAÍ til varðveislu.
18. gr. Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur samþykkt þau.

Lög þessi öðluðust gildi 4. maí 1985 er þau voru samþykkt á Sambandsstjórnarfundi ÍSÍ.

Síðast breytt á 25. Karateþingi, 18. febrúar 2012.

## AFREKSSTEFNA KARATESAMBANDS ÍSLANDS 2016 - 2018

### Inngangur

Karateíþróttin er að mestum hluta stunduð í félögum á höfuðborgarsvæðinu og eru félögin í dag Karatefölagið Þórshamar, Karatefölag Reykjavíkur og karatedeildir Breiðabliks, Fylkis, Hauka, Vikings, Fjölnis, Aftureldingar og ÍR. Utan höfuðborgarsvæðisins er karate stundað á Akranesi, Selfossi, Akureyri, í Hveragerði, Grundarfirði, Neskaupsstað og Vestmannaeyjum.

## Karatesamband Íslands

Karateíþróttin hefur verið í örum vexti undanfarin 30 ár. Á Íslandi eru stundaðir að mestu 4 stílar karate, og hefur það áhrif að nýtingu á þjálfurum. Þ.e. það er ekki eins auðvelt að samnýta þjálfara á milli karatestíla. Nokkur félög hafa farið út í það að sækja kennara erlendis frá og hefur það reynst mjög vel. Það er hins vegar mjög kostnaðarsamt og ekki allir sem hafa ráð á því.

## Framkvæmd

Stjórn KAÍ í samstarfi við landsliðsnefnd fer yfir afreksstefnun KAÍ í upphafi árs. Uppfærð afreksstefna er lögð fyrir Karateþing í febrúar ár hvert til kynningar, umræðu og samþykktar. Að þingi loknu er Afreksstefnan uppfærð á heimasíðu KAÍ.

## Markmið

Markmið Karatesambands Íslands fyrir afrek á erlendum vettvangi er eftirfarandi:

Að stefna að því að eiga keppendur í úrslitum á Evrópu- eða heimsmeistaramótum og eiga keppendur í verðlaunasætum á sterkum eða millisterkum alþjóðlegum mótm. Þetta á hvoru tveggja við um unglings og fullorðins keppendur.

## Veikleikar/Styrkleikar

Það sem háir íþróttinni á landsvísu er fyrst og fremst þjálfaraskortur. Nánast allir þeir þjálfarar sem eru hærra gráðaðir (svart belti eða hærra) eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Kostnaður er einnig mikill við þátttöku á mótm erlendis.

## Landsliðþjálfarar

Landsliðþjálfarar þurfa að hafa staðgóða þekkingu á karate með keppni í huga. Hafa lokið þjálfaranámi ÍSÍ eða með sambærilega menntun. Erlendir þjálfarar sem koma til landsins hafa mikla keppnisreynslu og hafa starfað sem þjálfarar afreksmanna í karate. Þjálfarar landsliðanna eru hvattir til að afla sér aukinnar þekkingar í íþróttinni og öðrum þáttum afreksíþróttar. Haldin eru þjálfaranámskeið fyrir félagsþjálfara þar sem áherslur og markmið landsliðþjálfara eru útskýrð.

## Aðstaða

Íþróttina er hægt að stunda við mjög einföld skilyrði þ.e. aðstaða í flestum íþróttasölmum landsins er fullnægjandi. Karatesambandið er ekki með eigin aðstöðu til æfinga fyrir landsliðin en hefur leitað til karatefélaga og –deilda með æfingaaðstöðu. Flest þeirra eiga nú viðurkennda keppnisvelli sem nýtast við æfingar.

## Mótahald

Lengst framan af voru aðeins fá mótm sem iðkendur gátu keppt á. Með tilkomu nýrra móta sem KAI hratt af stað, þ.e. Bikarmótaröð fullorðinna sem eru 2-4 yfir árið og var farið af stað með árið 1996, sem og bikarmótaröð unglings (12-17 ára) sem fyrst var keppt á árið 2006, hafa keppendur öðlast mun fyrr keppnisreynslu sem þeim er svo nauðsynleg þegar komið er á erlend mótm.

Sífellt stækandi hópur íslenskra keppnismanna hefur sótt alþjóðleg mótm undanfarin ár og náð þar ágætis árangri. Ýngri keppendur eru farnir að sækja alþjóðleg mótm í mun ríkari mæli, og verða þannig mun betur í stakk búin til að ná árangri á erlendri grundu en áður hefur þekkst.

## Afrek

Afrek telst vera að komst í fimm manna úrslit á sterkustu opnu alþjóðamótunum, (Karate1 í Evrópu), 1-3 sæti á millisterkum mótm, þar með talið Norðurlandamót, í átta manna úrslit á Evrópumótum og 16 manna úrslit á heimsmeistaramótum, hvort sem um er að ræða unglingamót

## Hvernig á að ná þessum markmiðum

- Innan KAÍ skal starfa Landsliðsnefnd, kosinn af stjórn KAÍ, til að halda utan um landsliðsmál.
- Það skulu vera starfandi landsliðsþjálfarar bæði fyrir Kata- og Kumite lið.
- Landsliðsnefnd þarf að hafa skipulagðar landsliðsæfingar allan ársins hring, bæði opnar og lokaðar.
- Það þarf að búa til landsliðshóp, skipaðan bæði unglungum (14-17 ára) og fullorðnum keppendum (18+).
- Senda á keppendur frá u.p.b. 14 ára aldri á alþjóðleg mótt þannig að þau öðlist þá keppnisreynslu sem til þarf til að ná árangri á erlendri grundu. Unglingalandslið fari utan í keppni a.m.k. 2 sinnum á ári og fullorðins 3 sinnum.
- Stefnt er að því að þeir einstaklingar sem eru valdir í landsliðshóp, hafi aðgang og vinna með sérfræðingum á sviðum líkamsuppbryggingar, næringarfræði og heilsuverndar.
- KAÍ getur styrkt unga keppendur til að sækja alþjóðleg mótt þótt ekki séu þeir komnir í landslið enda hafi þeir sýnt metnað og mætt á opnar landsliðsæfingar KAÍ eftir þeim viðmiðunum sem landsliðsnefnd setur hverju sinni.

## Skipulag

Karatesamband Íslands fer með málefni íþróttarinnar gagnvart ÍSÍ og er aðili að Norræna karatesambandinu(NKF), Karatesambandi Evrópu (EKF) og Alþjóða karatesambandinu (WKF).

Landsliðsþjálfari í samvinnu við landsliðsnefnd ber ábyrgð á að fylgja stefnu sambandsins í þeim málum sem honum er úthlutað. Hann sér um að undirbúa keppendur fyrir þau verkefni sem á undan hafa verið talin og ná þeim markmiðum sem koma fram í afreksstefnunni. Val á keppendum er undir honum komið og vinnur hann í samvinnu við landsliðsnefnd KAÍ hverju sinni.

## Landsliðshópur

Til að komast í landslið Íslands í karate þurfa keppendur að hafa fengið boð frá landsliðsþjálfara.:.

### Landslið,

Landsliðsþjálfarar velja í landsliðshóp.

Keppandi mætir a.m.k. á 70% skipulagðra samæfinga á vegum landsliðsnefndar á hverju misseri Keppandi stenst þolprófi sett af landsliðsþjálfara.

Keppandi vinnur sjálfstætt í æfinga- og keppnisáætlun sinni og fer reglulega yfir hana með landsliðsþjálfara/landsliðsnefnd.

## Verkefni 2016-2018

Hér eru upptalin þau verkefni sem stefnt er að ef fjárhagur leyfir og keppendur hafa sýnt árangur sem uppfyllir skilyrði til þátttöku í erlendum verkefnum. Verkefni geta fallið niður ef ekki er til nægilegt fjármagn.

### Verkefni 2016

Tvö opin mótt á norðurlöndum .....	300 þús.
Norðurlandameistaramót, apríl í Danmörku, .....	1.600 þús.
Evrópumeistaramót unglings, í febrúar í Kýpur, 1-2 keppendur.....	400 þús.
Evrópumeistaramót fullorðinna, í maí í Frakklandi, 1-4 keppendur .....	500 þús.
Heimsmeistaramót fullorðinna, í október í Austurríki, 2-4 keppendur.....	500 þús.

## Karatesamband Íslands

Smáþjóðamót Evrópu í karate í október .....	500 þús.
2-3 Karate One mótt, Frakkland, Holland, Þýskaland 1-4 keppendur.....	600 þús.
Reykjavík International Games – Karate .....	600 þús.
<b>Áætlaður heildarkostnaður fyrir 2016 er.....</b>	<b>5.000 þús.</b>

### Verkefni 2017

Tvö opin mótt á norðurlöndum .....	300 þús.
Norðurlandameistaramót, í Eistlandi, -----.....	1.900 þús.
Evrópumeistaramót unglings, í febrúar, 2-4 keppendur.....	600 þús.
Evrópumeistaramót fullorðinna, í maí í Tyrklandi, 1-4 keppendur .....	600 þús.
Smáþjóðamót Evrópu í karate í október .....	600 þús.
2-3 Karate One mótt, Frakkland, Holland, Þýskaland 1-4 keppendur.....	700 þús.
Reykjavík International Games – Karate .....	600 þús.
<b>Áætlaður heildarkostnaður fyrir 2017 er.....</b>	<b>5.300 þús.</b>

### Verkefni 2018

Tvö opin mótt á norðurlöndum .....	300 þús.
Norðurlandameistaramót, apríl í Finnlandi, .....	2.000 þús.
Evrópumeistaramót unglings, í febrúar í Rússlandi, 1-2 keppendur.....	500 þús.
Evrópumeistaramót fullorðinna, í maí í Serbiu, 1-4 keppendur .....	500 þús.
Heimsmeistaramót fullorðinna, í október í Perú, 2-4 keppendur.....	500 þús.
Smáþjóðamót Evrópu í karate í október .....	600 þús.
2-3 Karate One mótt, Frakkland, Holland, Þýskaland 1-4 keppendur.....	600 þús.
Reykjavík International Games – Karate .....	600 þús.
<b>Áætlaður heildarkostnaður fyrir 2018 er.....</b>	<b>5.600 þús.</b>

## Fjármögnun

Landsliðsverkefni eru fjármögnum með afreksstyrkjum frá Afrekssjóði ÍSÍ, með Lottó tekjum, af öðrum tekjum sambandsins og með styrkjum frá styrktaraðilum. Einnig greiða keppendur hluta kostnaðar við hverja ferð.

## Fagteymi

Vegna smæðar sambandsins er ekki starfandi fagteymi hjá Karatesambandinu. Sambandið mun aðstoða keppendur með að útvega sjúkraþjálfara og íþróttasálfræðing eftir þörfum. Stefnt er að því að nýta sameiginlegt teymi ÍSÍ þegar því verður komið á fót.

## Endurmat

Landsliðspjálfari/landsliðsnefnd skilar stjórn KAÍ skýrslu á ári hverju þar sem síðasta ár er skoðað með tilliti til árangurs, eftirfylgni og áætlana. Landsliðsnefnd og stjórn meta stöðuna og halda eða breyta áætlunum hverju sinni.

## Aðilar og ábyrgð

Stjórn KAÍ hefur alla umsjón og ber ábyrgð á afreksstefnu sambandsins.

Beinir aðilar að afreksstefnunni eru: Stjórn KAÍ, landsliðsnefnd, sérþjálfarar, karatefélögin og keppendur.

KAÍ skal kynna keppendum hlutverk þeirra og væntingar sem gerðar eru til þeirra sem valdir eru í landslið sambandsins.

KAÍ skal vinna að því að virkja það fólk sem kemur að afreksstefnunni, til að vinna jafnframt með hóp ungra og upprennandi afreksmanna.

Samþykkt á Karateþingi 27. Febrúar 2016.

## REGLUGERÐIR

### **REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE.**

#### **Almennar reglur.**

1. gr. Íslandsmeistaramót í Karate skal vera fimmskipt, Kata og Kumite fullorðinna, Kata og Kumite unglings og Kata barna. Framkvæmdaraðili skal vera Mótanefnd KAÍ. Ef mótanefnd er ekki skipuð skal formaður KAÍ, varaformaður og gjaldkeri skipa nefndina.
2. gr. Íslandsmeistaramót unglings í Kumite skal haldið í október og Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kumite skal haldið í nóvember ár hvert. Íslandsmeistaramót barna í Kata skal haldið í janúar eða febrúar ár hvert, þó ekki síðar en 2 vikum fyrir Íslandsmeistaramót unglings í Kata. Íslandsmeistaramót unglings í Kata skal haldið í febrúar og Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kata skal haldið í mars ár hvert. Ef sérstaklega stendur á getur mótanefnd eða stjórn KAÍ breytt móttíma frá því sem að ofan greinir. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakra móta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.
3. gr. Tilkynna skal dagsetningu móttanna og dagskráratriði þeirra með minnst 14 daga fyrirvara til allra karatefélaga og -deilda innan ÍSÍ. Þar skal m.a. taka fram þáttökugjald. Þáttökutilkynningar skulu berast frá félögunum eigi síðar en 5 dögum fyrir mótið, en þó getur mótanefnd ákveðið að hafa þann tíma annan. Greiðsla þáttökugjalda, eða staðfesting greiðslu, skal fylgja tilkynningum félaganna.
4. gr. Þá daga sem Íslandsmeistaramótin fara fram má ekki stofna til annarrar opinberrar karatekeppni.
5. gr. Mótanefnd eða stjórn KAÍ hefur heimild til þess að takmarka fjölda keppenda í hverri grein og þá jafnframt að kveða á um hámarksfjölda keppenda frá hverju félagi í hverri grein. Það skulu þó aldrei vera færri en fjórí en einstaklingsgreinum. Dómaranefnd skal skipa aðaldómara á komandi móti og skal mótanefnd tilgreina hann í tilkynningu til félaganna.

#### **Starfsfólk.**

6. gr. Á hverjum velli skulu vera kynnir, ritari, aðstoðarmaður ritara, tímavörður og vallarstjóri. Ef keppt er á tveimur eða fleiri völlum á móti skal tilnefna yfirdómara og mótsstjóra. Þeir sjá um að framkvæmd móts gangi hratt og vel fyrir sig. Á kumitemótunum skal vera læknir eða hjúkrunarfræðingur til staðar. Hvert þáttökufélag er skyld að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjöldu og a.m.k. einn dómar með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ. Starfsmenn og keppendur skulu bera einkennismerki og keppnissvæðið skal afgirt frá áhorfendum. Á Íslandsmeistaramótum barna- og unglings skal hvert félag tilnefna liðsstjóra sem aðstoðar starfsfólk mótsins við að halda reglu á mótinu. Mótanefnd er

## Karatesamband Íslands

heimilt að sekta félög eftir 15. gr. ef þau vanrækja að tilnefna starfsfólk, halda liðstjóra eða tilnefna dómara. Keppendur á Íslandsmeistaramótum barna- og unglings skulu vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst, en á Íslandsmeistaramótum fullorðinna skulu keppendur vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra keppnisflokk. Sé Íslandsmeistaramót barna eða unglings mjög fjölmennt getur mótanefnd skipt því upp í 2 hluta og þurfa þá keppendur að vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra hluta.

### Keppnin.

7. gr. Í upphafi móts kallar aðaldómari saman aðra dómara, heldur dómarafund og skipar þá í stöður.
8. gr. Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:
  1. Kata kvenna.
  2. Kata karla.
  3. Hópkata kvenna (3ja kvenna sveitir).
  4. Hópkata karla (3ja manna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite kvenna, -61 kg.
2. Kumite kvenna, +61 kg.
3. Kumite kvenna, opinn flokkur.
4. Kumite karla, -60 kg.
5. Kumite karla, -67 kg.
6. Kumite karla, -75 kg.
7. Kumite karla, -84 kg.
8. Kumite karla, +84 kg
9. Kumite karla, opinn flokkur.
10. Liðakeppni karla (3 manna sveitir).
11. Liðakeppni kvenna (3 kvenna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti unglings í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite pilta 12 ára.
2. Kumite pilta 13 ára.
3. Kumite pilta 14 og 15 ára -63 kg\*.
4. Kumite pilta 14 og 15 ára +63 kg\*.
5. Kumite pilta 16 og 17 ára -68 kg\*.
6. Kumite pilta 16 og 17 ára +68 kg\*.
7. Kumite stúlkna 12 og 13 ára.
8. Kumite stúlkna 14 og 15 ára -54 kg\*.
9. Kumite stúlkna 14 og 15 ára +54 kg\*.
10. Kumite stúlkna 16 og 17 ára -59 kg\*.
11. Kumite stúlkna 16 og 17 ára +59 kg\*.

\* ef fjöldi keppenda leyfir skiptingu.

## Karatesamband Íslands

Á Íslandsmeistaramóti unglings í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata stúlkur 12 ára.
2. Kata stúlkur 13 ára.
3. Kata stúlkur 14 ára.
4. Kata stúlkur 15 ára.
5. Kata stúlkur 16 og 17 ára.
6. Kata piltar 12 ára.
7. Kata piltar 13 ára.
8. Kata piltar 14 ára.
9. Kata piltar 15 ára.
10. Kata piltar 16 og 17 ára.
11. Hópkata tánninga 12 og 13 ára.
12. Hópkata tánninga 14 og 15 ára.
13. Hópkata tánninga 16 og 17 ára.

Á Meistaramóti barna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata barna 8 ára og yngri.
2. Kata stúlkna 9 ára.
3. Kata stúlkna 10 ára.
4. Kata stúlkna 11 ára.
5. Kata pilta 9 ára.
6. Kata pilta 10 ára.
7. Kata pilta 11 ára.
8. Hópkata barna 9 ára og yngri.
9. Hópkata barna 10 og 11 ára.

Á meistaramótum barna og unglings skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur hafa æft karate í 1. ár hið minnsta. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokk sem elsti keppandi sveitar skyldi keppa í. Barnamótið er fyrir börn 11 ára og yngri en unglingsmátið í fyrir 12 til 17 ára. Lágmarksaldur keppenda á móttum fullorðinna skal vera 16 ára í kata og í þyngdarflokkum í kumite en 18 ára í opnum flokki í kumite og í liðakeppni í kumite, miða skal við fæðingarár. Tilgreina þarf nöfn þeirra keppenda sem taka þátt í hópkata eða liðakeppni í kumite og í hvaða liði viðkomandi er ef hans þátttökufélag sendir fleiri en eitt lið í viðkomandi grein.

9. gr. Íslandsmeistaraverðlaun skulu vera fyrir 1. sæti, verðlaunagripur eða gylltur peningur, fyrir annað sæti silfurlitaður peningur og það þriðja bronslitaður peningur. Þegar keppt er eftir uppreisnarfyrirkomulagi er ekki keppt um 3ja sæti heldur skal veita tvenn bronsverðlaun. Ef keppendur eru 3-5 keppa allir við alla. Veitt eru gull, silfur og bronsverðlaun fyrir 1. – 3. sæti. Sigurvegari er sá sem hefur flesta bardagasigra. Ef tveir eða fleiri keppendur hafa sama fjölda sigra er sigurinn þess keppanda sem sigraði innbirgðisviðureign þeirra. Ef enn er jafnt sigrar sá sem hefur skorað flest stig úr bæði sigur- og tapbardögum. Íslandsmeistarar í sveitakeppnum fá auk þess til varðveislu farandbikar í eitt ár. Á meistaramótum barna og unglings skal verðlauna það félag sem fær flest stig með farandbikar til varðveislu en einnig annan minni áritaðan til eignar.
10. gr. Á Íslandsmeistaramótum í kata skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi. Keppt skal eftir keppnisreglum WKF þar sem því verður við komið. Á Íslandsmeistaramóti unglings í kata mega keppendur í flokkum pilta og stúlkna, 13 ára og yngri, sýna sömu kata aftur. Það sama á við um keppendur á Íslandsmeistaramóti barna í kata. Keppa skal til

úrslita til að ákvarða fyrsta og annað sæti en tveir keppendur geta verið í þriðja sæti. Ef ekki skrá sig til leiks fleiri en tveir keppendur eða lið, fellur keppni niður í þeirri grein. Keppanda í þeim flokki er þá heimilt að keppa í næsta flokki fyrir ofan í þyngd eða aldri.

11. gr. Á íslandsmeistaramótum í kumite skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi, en þó er mótanefnd heimilt að ákveða að láta keppa í riðlum, allir við alla, en það skal þá koma skýrt fram í mótsstilkynningu. Ef keppendur eru þrí til fimm, skulu þó allir keppa við alla. Keppni um þriðja sætið skal hagað þannig að þeir sem töpuðu fyrir þeim sem komast í úrslit keppa um það, þó getur mótanefnd ákveðið að hafa annan hátt á. Sömu reglur gilda um liðakeppnina, nema mótanefnd ákveðið að láta liðin keppa innbyrðis eftir öðrum reglum.
12. gr. Í þeim tilfellum sem mótanefnd getur ákveðið að hafa annan hátt á en um getur hér að ofan eða í alþjóðlegum reglum, þá skal félögunum tilkynnt það í mótsstilkynningu eða í síðasta lagi sex dögum fyrir mótið.

### **Kærur, fundir, úrslit & skýrslur.**

13. gr. Mótanefnd skal sjá um að fáanlegar séu skriflegar upplýsingar um úrslit mótsins, í síðasta lagi daginn eftir mótið. Skýrslu um mótið skal senda stjórn KAÍ innan mánaðar eftir að mótinu lýkur.
14. gr. Kærur um framkvæmd móts eða ákvarðanir mótanefndar varðandi mótin, skulu berst mótanefnd í síðasta lagi 48 tímum eftir lok móts. Kærur skulu vera skriflegar. Kærur varðandi atvik, sem eiga sér stað fyrir móts skulu afgreiddar þegar í stað og eigi síðar en sólarhring síðar. Mótanefnd skal jafnóðum taka afstöðu til kæra sem berst á eða fyrir móts og geta varðað úrslit eða lögmæti mótsins. Mótanefnd skal annars taka afstöðu til kæra innan viku frá því að kæra berst. Kæranda skal skýrt frá úrlausn mótanefndar munnlega, en kærandi getur óskað eftir skriflegri niðurstöðu mótanefndar. Niðurstaða í úrlausn mótanefndar skal stuttlega rökstudd, þó er ekki þörf ítarlegs rökstuðnings varðandi kærur sem afstaða er tekin til á mótnum sjálfum, nægir þá oft að vísa til lagaákvæðis. Úrlausnir mótanefndar eru kæranlegar til dómistóls ÍSÍ í viku eftir að kæranda berst vitneskja um niðurstöðu mótanefndar.
15. gr. Mótanefnd er heimilt að sekta þau félög sem ekki senda starfsmenn, dómarar eða liðsstjóra á móts samkvæmt reglum þessum. Sektir geta verið allt að fimmföld upphæð samanlagðs þátttökugjalds fyrir alla keppendur sem skráðir eru frá félagini. Mótanefnd er heimilt að meina þeim félögum að taka þátt á móti er inna eigi sektir af hendi þegar þeirra er krafist. Sama er að segja um næsta eða næstu móts ef sektin er eigi greidd áður.
16. gr. Kærur varðandi agabrot á mótmála um skulu berast aganefnd KAÍ. Aðaldómara er skyld að gera skriflega skýrslu um þau agabrot, er hann verður var við og senda aganefnd innan 14 daga frá því að móti lauk. Öðrum dómurum á mótinu er skyld að tilkynna aðaldómara um slík brot, sem þeir verða varir við og skila skýrslu um þau til hans í mótslok. Í skýrslu um agabrot skal tilgreina nafn hins brotlega, félag, stað, tíma og í hverju agabrotið er fólgvið, einnig skal nefna vitni ef einhver eru.
17. gr. Ekki má mótmæla dómi við dómarar. Ef dómaragjörð virðist brjóta gegn reglunum, hafa formaður viðkomandi félags eða liðstjóri keppanda einir rétt til að mótmæla. Mótmælin verða að berast til Yfirdómara viðkomandi móts. Þegar þar að kemur, mun dómaranefnd KAÍ fara yfir aðstæður sem leiddu til mótmælanna. Eftir að hafa tekið tillit til allra staðreynda sem fyrir liggja munu þeir skila skýrslu til stjórnar KAÍ og viðkomandi aðila.

## Karatesamband Íslands

18. gr. Í úrslitum eftir mótt er mótanefnd skylt að birta úrslit móts með stigagjöf félaga, þannig að félag fær 3 stig fyrir 1 sæti, 2 stig fyrir 2 sæti og 1 fyrir 3 sæti. Fyrir liðakeppni í kata og kumite skal reikna tvöföld stig fyrir hvert sæti.
19. gr. Að öðru leiti gilda reglur WKF um Íslandsmeistaramót KAÍ.
20. gr. Ef eithvert félag óskar þess, þá skal halda fund á næstu dögum eftir mótt, þar sem rætt er um úrslit, framkvæmd, kærur og úrbætur mótsins.

### Félagaskipti.

21. gr. Félagaskipti skal tilkynna KAÍ skriflega með ábyrgðarbréfi eða öðrum sannanlegum hætti. Tilkynning þessi skal undirrituð af þeim sem óskar félagaskipta eða forráðamanni hans. Félagaskipti geta einungis tekið gildi tvívar á ári. Tilkynningar sem sannanlega berast á tímabilinu frá og með 1. janúar til 31. ágúst árlega taka gildi frá og með 1. september og tilkynningar sem berast á tímabilinu frá og með 1. september til 31. desember taka gildi frá og með 1. janúar. Tilkynningar sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði, eru t.d. ekki skriflegar eða undirritun félagans/forráðamannsins skortir, skulu ekki teknar gildar fyrr en úr hefur verið bætt með sannanlegum hætti. Með tilkynningum félaganna um þátttakendur á mótt skal fylgja tilkynning um öll félagaskipti sem átt hafa sér stað á undangengnu tímabili, og ekki er þegar búið að tilkynna um.

Samþykkt á 8. Karateþingi 19. mars 1991.  
Síðast breytt af stjórn KAÍ 12. janúar 2012.

## **REGLUR UM FÉLAGSSKIPTI**

### **1. Hlutgengi.**

Hlutgengur til þátttöku í mónum á vegum KAÍ er hver sá aðili sem er félagsbundinn í félagi innan KAÍ og uppfyllir að öðru leyti hlutgengisreglur ÍSÍ á hverjum tíma.

### **2. Almennt um félagsskipti**

Öll félagsskipti, 14 ára og eldri, skal tilkynna KAÍ skriflega á þar til gert eyðublað. Félagaskipti geta einungis tekið gildi tvisvar á ári. Tilkynningar sem sannanlega berast á tímabilinu frá og með 1. janúar til 31. ágúst árlega taka gildi frá og með 1. september og tilkynningar sem berast á tímabilinu frá og með 1. september til 31. desember taka gildi frá og með 1. janúar.

### **3. Framkvæmd félagaskipta**

3.1 Öll félagaskipti skulu fara fram á þar til gerðu eyðublaði útgefnu af KAÍ. **Eyðublað fyrir Félagsskipti** skal undirritað af viðkomandi félagsmanni, félagi sem gengið er úr og félagi sem gengið er í. Undirritun fulltrúa félagsdeildar sem gengið er úr staðfestir að viðkomandi félagsmaður hafi engar skuldbindingar við sitt fyrra félag. Hafi félagsmaður einhverjar skuldbindingar við sitt fyrra félag er því félagi heimilt að hafna félagsskiptunum. Tilkynningar sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði, eru t.d. ekki skriflegar eða undirritun félagans/forráðamannsins skortir, skulu ekki tekna gildar fyrr en úr hefur verið bætt með sannanlegum hætti.

3.2 Stjórn KAÍ er ekki heimilt að staðfesta félagsskipti fyrr en undirskriftir umsækjenda og staðfesting félaga sem hlut eiga að máli liggar fyrir. Þegar stjórn KAÍ hefur staðfest félagaskiptin öðlast viðkomandi aðili keppnisheimild með sínu nýja félagi. Upplýsingar um félagaskipti skulu birtar á heimsíðu KAÍ þegar þau hafa verið samþykkt.

### **4. Úrskurðar- og umsagnaraðili**

Stjórn KAÍ er úrskurðaaðili í deilum sem upp koma varðandi félagaskipti. Úrskurði geta aðilar áfrýjað til dómstóls ÍSÍ. Að öðru leyti en að framan greinir vísast til almennra reglna ÍSÍ um móta- og keppendareglur sem í gildi eru á hverjum tíma.

Samþykkt á karateþingi 22. febrúar 2014

## **REGLUR UM BIKARMÓT Í KARATE.**

### **Almennar reglur.**

1. gr. Árlega skal halda Bikarmót KAÍ í kumite og kata. Hvert bikartímabil nær frá 1. september til 31. maí næsta ár. Bikarmótinu skal skipta í einn, two, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Kept skal í tveimur flokkum í hverjum hluta mótsins í kumite, opnum flokki kvenna og opnum flokki karla og tveimur flokkum í kata, flokki karla annars vegar og flokki kvenna hins vegar.
2. gr. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir tvö þriðusæti og 3 stig fyrir að tapa bardaga um þriðja sæti. Ef keppendur eru 3-5 keppa allir við alla og skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir þriðja sæti,

## Karatesamband Íslands

5 stig fyrir fjórða sæti og 3 stig fyrir fimmsta. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigaður frá móti. Hægt er að keppa bæði í kata og kumite og leggjast þá stigin úr greinunum tveim saman. Eftir að öllum Bikarmótum tímabilsins er lokið skulu stigahæsta konan og stigahæsti karlinn í samanlöögðum greinum verða útnefnd Bikarmeistarar KAÍ. Þeim tveimur sem koma næst þeim að stigum í flokki karla og flokki kvenna skal veita önnur og þriðju verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok bikarkeppninnar vinnur sá er oftar var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftar hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.

3. gr. Lágmarksaldur keppenda á bikarmótum skal vera 16 ár og skal miða við fæðingarár. Mótanefnd hefur heimild til að veita undanþágur frá aldursreglu.
4. gr. Hverju þáttökufélagi er skyld að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ.
5. gr Að öðru leyti skal fylgja reglugerð um Íslandsmeistaramót í Karate.  
Samþykkt af stjórn KAÍ í maí 2013.

## ***REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE.***

### **Almennar reglur.**

1. gr. Árlega skal halda Grand Prix móti KAÍ í kumite og kata. Hvert tímabil nær frá 1. september til 31. maí næsta ár. Grand Prix mótinu skal skipta í einn, two, þrijá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í hverjum hluta mótsins í kata og kumite. Grand Prix móti eru fyrir unglunga 12 til 17 ára og skal miðað við fæðingarár í upphafi keppnistímabils.
2. gr. Á Grand Prix móti í Karate skal keppt í eftirsarandi greinum:
  1. Kata stúlkna 12 ára.
  2. Kata stúlkna 13 ára.
  3. Kata stúlkna 14 og 15 ára.
  4. Kata stúlkna 16 og 17 ára.
  5. Kumite telpna 12 og 13 ára.
  6. Kumite stúlkna 14 og 15 ára.
  7. Kumite stúlkna 16 og 17 ára.
  8. Kata pilta 12 ára.
  9. Kata pilta 13 ára.
  10. Kata pilta 14 og 15 ára.
  11. Kata pilta 16 og 17 ára.
  12. Kumite pilta 12 ára.
  13. Kumite pilta 13 ára.
  14. Kumite pilta 14 ára.
  15. Kumite pilta 15 ára.
  16. Kumite pilta 16 og 17 ára.

3. gr. Skrá og greiða þarf þáttökugjald fyrir hvern keppanda. Keppendur keppa í sama flokki alla mótaröðina og skal miðað við fæðingarár í upphafi mótaráðar. Skráningu skal vera lokið 7 dögum fyrir móti og skal skrá fæðingarár og þyngd. Mótanefndin getur skipt upp stórum flokkum eða breytt flokkum í þyngdarflokkka innan t.d. tveggja ára.
4. gr. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir

## Karatesamband Íslands

tvö þriðju sæti, 3 stig fyrir að tapa bardaga um þriðja sæti. Ef keppendur eru 3-5 keppa allir við alla og skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir þriðja sæti, 5 stig fyrir fjórða sæti og 3 stig fyrir fimmta. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigaður frá móti. Veitt eru verðlaun fyrir fyrsta sæti, annað sæti og tvö þriðju sæti á hverju móti. Eftir að öllum Grand Prix mótaum tímabilsins er lokið skal þremur stigahæstu keppendum í hverri grein veitt verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok Grand Prix keppninnar vinnur sá er oftar var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftar hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.

5. gr. Mótanefnd KAÍ sér um framkvæmd Grand Prix móta KAÍ. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakramóta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.
6. gr. Hverju þáttökufélagi er skyld að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ.
7. gr. Að öðru leyti skal fylgja reglugerð um Íslandsmeistaramót í Karate.  
Samþykkt af stjórn KAÍ í maí 2015.

## **REGLUR UM KARATEDÓMARA.**

### **Almennar reglur.**

1. gr. Dómaranefnd KAÍ, skipuð þremur hæfum mönnum af stjórn KAÍ til eins árs í senn ákveður réttindi dómara. Dómaranefnd skal úthluta dómurum réttindi eftir getu og bekkingu þeirra, bæði í kata og kumite, fyrst sem B-meðdómari, þá A-meðdómari, B-dómari og loks A-dómari. Karatedómari nefnist sá sem hefur bæði A-dómararéttindi í kata og kumite. Nefndin skal halda dómaranámskeið a.m.k. einu sinni á ári og gefur dómaraeftum færi á að þreyta próf til réttinda. Prófið skal vera bæði verklegt og skriflegt. Dómarar, sem hljóta réttindi skv. reglum þessum, skulu ganga framar þeim dómurum, sem minni réttindi hafa eða engin. A-meðdómarar hafa rétt til þess að vera aðaldómarar á innanfélagsmótum og meðdómarar á héraðsmótum. B-dómarar hafa rétt til að vera aðaldómarar á héraðsmótum og meðdómarar á Íslandsmeistara-mótum. A-dómarar skulu vera aðaldómarar á Íslandsmeistaramótum. Héraðsmót kallast móti þar sem keppendur koma úr fleiri en einu félagi.
2. gr. Til að öðlast réttindi sem Karatedómari þarf viðkomandi að hafa 1. Dan gráðu eða hærri og að vera orðinn 22 ára og ekki eldri en 65 ára.  
Dómari í kata og kumite þarf að vera með 1. kyu gráðu eða hærri og orðinn 18 ára.  
Meðdómari í kata og kumite þarf að vera með 3. kyu gráðu eða hærri og orðinn 16 ára.
3. gr. Öll dómararéttindi gilda í þrjú ár en halda verður þeim við með því að sækja námskeið og dæma reglulega á mótaum á vegum KAÍ. Dómarar þurfa að dæma minnst tvísvar á ári og meðdómara einu sinni á ári til að halda kata og kumite réttindum sínum.  
Dómaranefnd má uppfæra réttindi úr B í A án þess viðkomandi farið í nýtt próf ef hann hefur dæmt reglulega og staðið sig á A-stigi.  
Til að standast skriflegt próf þarf yfir 90% rétt svör til að ná dómararéttindum og yfir 80% rétt svör til að ná meðdómararéttindum.  
Einnig þarf að standast verklegt próf að mati dómaranefndar.  
Kata-dómari þarf einnig að kunna eina algenga keppniskata úr sínum stíl og eina algenga keppniskata og grunnkata úr öðrum stíl. Kata-meðdómari þarf að kunna eina algenga keppniskata úr sínum stíl og eina grunnkata úr öðrum stíl.

Samþykkt af stjórn KAÍ 25. mars 2013

## **REGLUR UM AGANEFND KARATESAMBANDS ÍSLANDS.**

### **Almennar reglur.**

1. gr. Aganefnd skipa 5 menn kosnir af karateþingi til eins árs í senn og 3 til vara.
2. gr. Verkefni aganefndar er að úrskurða um kærur sem berast skriflega og þau atriði er fram kunna að koma á leikskýrslum dómara um karatemót, bæði mótt sem mótanefnd KAÍ skipuleggur og önnur mótt sem félög og sambönd innan KAÍ standa fyrir. Aganefnd getur einnig tekið upp mál sem hún telur heyra undir verksvið sitt. Kærur skulu hafa borist innan 14 daga frá umræddu broti annars telst það fyrnt.
3. gr Aganefnd ber að halda fund innan 2 vikna frá því að kæra berst með sannarlegum hætti til formanns nefndarinnar. Birta skal úrskurð nefndarinnar opinberlega á heimasíðu KAÍ innan 1 mánaðar frá því að úrskurðað hefur verið og hlutaðeigandi hefur verið birtur úrskurðurinn.
4. gr. Úrskurður aganefndar getur fjallað um brot leikmanna, félaga, forystumanna félags, héraðs eða sérráðs.
5. gr. Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað, nema um sé að ræða leikbann sem er lengra en 1 ár. Þá getur sá sem fær slíkan dóm skotið máli sínu til viðkomandi dómstóls Íþrótt- og Ólympíusamtaka Íslands.
6. gr. Aganefnd getur heimilað munnlegan málflutning ef sérstök ástæða er til.
7. gr Brot leikmanna flokkast sem hér segir:
  - 7.1 Óprúðmannleg hegðun á karatemóti.
  - 7.2 Ódrengilegt atferli og/eða andstætt eðli karate.
  - 7.3 Að láta sér um munn fara meiðandi ummæli um leikmenn, áhorfendur, dómara eða aðra starfsmenn - eða sýna þessum aðilum óprúðmannlega hegðun.
  - 7.4 Að yfirgefa keppnisvöll um stund eða lengur án þess að hafa gildar ástæður.
  - 7.5 Að beita keppanda, dómara, starfsmann móts eða áhorfanda ofbeldi.
8. gr Viðurlög vegna brota leikmanna flokkast þannig:
  - 8.1 Ef leikmaður hefur gerst brotlegur við eitthvert af atriðum 7.1 - 7.4 án þess að hljóta áminningu dómara, eða ef leikmaður er í annað skipti á sama keppnistímabili áminntur af dómara vegna brota 7.1 - 7.4 án þess að vera vísað af leikvelli, skal aganefnd veita honum áminningu, munnlega eða skriflega.
  - 8.2 Ef leikmanni er vísað af leikvelli fyrir brot á atriðum 7.1 - 7.4 getur aganefnd refsáð honum með leikbanni um ákveðinn tíma og ef um endurtekin brot er að ræða getur leikbannið varað um lengri tíma.
  - 8.3 Ef dómaranefnd hefur vikið leikmanni af keppnisvelli fyrir brot á atriði 7.5 skal honum refsáð með leikbanni um lengri tíma. Ef um ítrekun er að ræða skal refsingin þyngd.
  - 8.4 Teljist brotið mjög alvarlegs eðlis gæti refsingin orðið lífstíðarleikbann.
9. gr Brot félagsliða (eða sveita):  
Heilt lið brýtur af sér ef það yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda keppni áfram.

## Karatesamband Íslands

Refsing við því getur orðið brottrekstur úr keppni, stigatap, leikbann á öllum liðsmönnum liðsins (sveitarinnar).

10. gr Ef áhorfendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart keppendum, dómurum eða öðrum starfsmönnum, er heimilt að svipta lið (eða sveit) rétti til að halda áfram eða stigum, ef sannað er að þeir sem óspektunum valda séu félagsmenn liðsins eða áhangendur þess.

Samþykkt á 20. ársþingi KAÍ 3. febrúar 2007  
Síðast breytt á 22. ársþingi KAÍ 14.mars 2009

## **REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS.**

### **Almennar reglur.**

1. gr. Landsliðsbúninga Íslands í Karate er eingöngu heimilt að nota á landsliðsæfingum, á landsliðsferðum erlendis og þegar keppt er fyrir Íslands hönd innanlands.  
Í landsliðsferðum skal landsliðsfólk klæðast landsliðsbúnингi.
2. gr. Keppnisbúninga með Landsliðsmerki Íslands í Karate er eingöngu heimilt að nota á landsliðsæfingum, á landsliðsferðum erlendis og þegar keppt er fyrir Íslands hönd innanlands.
3. gr. Fatnað með merki Karatesambands Íslands er eingöngu heimilt að nota þegar komið er opinberlega fram fyrir hönd Karatesambandsins, innanlands sem erlendis.

Samþykkt af stjórn KAÍ, 18. mars 2011.

## **VERÐLISTI SAMÞYKKTUR AF STJÓRN KAÍ**

Greitt fyrir keppnisdýnur sem eru á staðnum:	10.000 kr
Greitt fyrir keppnisdýnur sem þarf að flytja á mótsstað:	15.000 kr auk flutningskostnaðar
Gjald fyrir kæru á móti:	10.000 kr
Lán á keppnisklukkum, flöggum, osfrv.:	0 kr
Lán á sjúkratösku:	Ekki lánuð
<b>Mótagjöld</b>	<b>Einstakl. – Lið</b>
ÍM Barna	1.500 kr - 2.500 kr
ÍM Unglinga	1.500 kr - 2.500 kr
ÍM Fullorðinna	3.000 kr - 5.000 kr
GrandPrix móti	1.500 kr fyrir hvern flokk
Bikarmót	2.000 kr fyrir hvern flokk
RIG	2.500 kr fyrir hvern flokk

## Karatesamband Íslands

### Sektir \*

Vantar réttindadómara / aukadómara á mótt	10.000 kr / 5.000 kr
Vantar starfsmann á mótt	5.000 kr
Vantar yfirliðstjóra á mótt	5.000 kr
Kæra inn keppanda á mótt	5.000 kr

**\* Sektir verða þó aldrei meiri en fimmföld mótagjöld félags**

Samþykkt af stjórn KAÍ í desember 2015.

**Rekstrarreikningur KAÍ 1/1-31/12 2016**

<b>Tekjur</b>	Skýring	<b>1/1-31/12/16</b>	<b>1/1-31/12/15</b>	<b>breyting %</b>
11000 Framlög og styrkir	1	9.735.521	9.182.284	6,0%
15000 Tekjur af mótum	2	1.736.500	2.626.761	-33,9%
22000 Árgjöld aðildarfélaga		903.500	781.950	15,5%
29000 Aðrar tekjur	3	3.246.440	1.300.000	149,7%
<b>Tekjur alls</b>		<b>15.621.961</b>	<b>13.890.995</b>	<b>12,5%</b>
<hr/>				
<b>Gjöld</b>				
31000 Laun og verktakagreiðslur		1.079.928	1.053.100	2,5%
37000 Áhöld og tæki	4	262.240	162.360	61,5%
41000 Ferðakostn. Innanlands	5	322.903	125.300	157,7%
42000 Ferðakostn. erlendis	6	8.684.038	5.100.778	70,2%
43000 Annar þátttökukostn.				
45000 Kostnaður við mótaðald	7	2.070.553	2.334.006	-11,3%
48000 Skrifstofuleiga hjá ÍSÍ		187.728	170.676	10,0%
53000 Rekstur skrifstofu	8	1.756.438	1.751.459	0,3%
56000 Kynning, fræðsla og útbreiðsla	9	105.000		
57000 Dómarmál	9	1.133.828	756.191	49,9%
65000 Önnur gjöld	10	12.870	12.010	7,2%
70000 Erlend samskipti	11	303.908	347.028	-12,4%
<b>Rekstrargjöld alls</b>		<b>15.919.434</b>	<b>11.812.908</b>	<b>34,8%</b>
<hr/>				
Hagnaður/Tap f. afskriftir		<b>-297.473</b>	<b>2.078.087</b>	-114,3%
Fjármagnstekjur		26.142	19.246	35,8%
<b>Afskriftir alls</b>				
<hr/>				
Hagnaður/Tap		<b>-271.331</b>	<b>2.097.333</b>	-112,9%

Reikning þennan hef ég samið eftir hjálögðum gögnum ársins 2016  
Reykjavík, 20. febrúar 2017

Reinharð Reinharsdóttir, formaður KAÍ

**Skýringar við rekstrarreikning**

1	<i>Framlög og styrkir</i>	
	Ríkisstyrkur	2.800.000
	Útbreiðslustyrkur	2.256.174
	Lottó	3.379.347
	Afrekssjóður	1.300.000
		<b>9.735.521</b>
2	<i>Tekjur af mótum</i>	
	RIG	270.000
	ÍM-Barna	294.500
	UM-Kata	242.000
	ÍM-Kata	102.000
	Grand Prix 1,2,3	451.500
	UM-Kumite	82.500

	Karatesamband Íslands	
ÍM-Kumite	86.000	
Bikarmót 1,2,3	<u>208.000</u>	
	<b><u>1.736.500</u></b>	
3 Aðrar tekjur		
Hlutur keppenda í landsliðsferðum	3.246.440	
	<b><u>3.246.440</u></b>	
4 Áhöld og tæki		
Landsliðsbúningar	<u>262.240</u>	
	<b><u>262.240</u></b>	
5 Ferðakostnaður innanlands		
Gisting RIG	<u>322.903</u>	
	<b><u>322.903</u></b>	
6 Ferðir erlendis og innanlands		
Flug	4.499.360	
Gisting	2.635.415	
Uppihald	609.478	
Þátttökugjöld	651.380	
Akstur	288.405	
Annað	<u>8.684.038</u>	
7 Kostnaður við mótaðald		
Verðlaunapeningar	454.260	
Vallarleiga	200.000	
Akstur	187.710	
Matur	68.807	
Sjúkrakostnaður	147.701	
Annað	<u>1.005.083</u>	
	<b><u>2.063.561</u></b>	
8 Skrifstofa		
Skrifstofuleiga ÍSÍ	187.728	
Veitingar	729.466	
Tölvukostnaður	1.016.400	
Skrifstofa	<u>10.572</u>	
	<b><u>1.944.166</u></b>	
9 Kynning, fræðsla , útbreyðsla		
Íþróttasálfræðingur	50.000	
Landsliðsmælingar	55.000	
Dómaranámskeið	1.133.828	
Dómaranám	<u>1.238.828</u>	
10 Önnur gjöld		
Bankakostnaður	<u>12.870</u>	
	<b><u>12.870</u></b>	
11 Erlend samskipti		
WKF	128.043	
EKF	175.865	
NKF	<u>303.908</u>	

**Efnahagsreikningur 31/12/2016****EIGNIR****31.12.2016**

87000	Inneign hjá ÍSÍ	1.762.555
87000	Skuldir félaga	62.550
	<i>Skammtímakröfur alls</i>	<b><u>1.825.105</u></b>
88000	<i>Handbært fé</i>	
88210	Tékkareikningur 0515-26-5103	332.230
88220	Sparireikningur 0515-14-104863	1.185.936
88230	Mastercard	138.013
	<i>Handbært fé alls</i>	<b><u>1.656.179</u></b>
<b>89999</b>	<b>Eignir alls</b>	<b><u>3.481.284</u></b>

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ**

91000	Eigið fé 31/12/15	3.752.615
	<i>Skammtímakröfur</i>	
	Hagnaður/tap	<b><u>-271.331</u></b>
	Eigið fé 31/12/16	3.481.284
92003	Viðskiptaskuldir	
<b>99999</b>	<b>Skuldir og eigið fé alls</b>	<b><u>3.481.284</u></b>

Við kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning Karatesambands Íslands (KAÍ) og ekkert fundið athugavert og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 20. febrúar 2017

---

Agnar Helgason

---

Indriði Jónsson